



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur
24. febrúar 2011
8. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Veislupjónusta !

Við gerum tilboð í ýmiskonar
veislur, ráðstefnur og fundi,
svo sem Fermingar, afmæli,
brúðkaup og erfidrykkjur.

Heitur matur
Köld borð
Pinnamatur
Snittur
Kökuhlaðborð

Vestursjóð

Restaurant • Bar
Edinborgarhúsinu
Sími: 456 6620



Lífið tekur sínar stefnur

„Ég er alltaf að spá í hvað ég vil verða þegar ég verð mjór.
Maður verður víst ekkert stærri,“ segir Finnboði Oddur
Karlsson, læknir. Hann segir frá árunum í Bandaríkjunum,
draumastarfinu, læknastofunni í afdölum Arkansas og
óvæntu beygjunum sem líf hans hefur tekið á miðopnu í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Finna áhrif meðmæla Lonely Planet

Margir sækjast eftir því að vinna sjálfbóðaliðaverkefni hjá Melrakkasetrinu í Súðavík í ár. Á vef setursins er því þakkað nýjustu Lonely Planet ferðabókinni þar sem farið er fögrum orðum um setrið og svæðið allt. „Von er á fjölda ferðamanna sem koma gagnert vegna þess að mælt er með Vestfjörðum í bókinni, við höfum strax orðið vör við það,“ segir á melrakki.is. Fyrstu fjórir sjálfbóðaliðarnir hafa verið bók-

aðir í verkefni sem kallast „Hvar er Frosti“ en þeir eiga að finna refinn Frosta, sem komst á legg í setrinu síðasta sumar. Honum var svo veitt frelsi í nóvember. Verkefnið felst í því staðsetja refinn og sjá hvort hann sé til í að taka þátt í vetrarljósmýndaverkefnunum setursins þetta árið.

Þá er nóg að gera á Melrakkasetrinu þrátt fyrir vetrarfrí enda er þetta sá tími sem nota þarf til að undirbúa sumarið og þau verk-

efni sem stendur til að fara í þetta árið. Nýlokið er krufningum á þeim dýrum sem veiðimenn af Vestfjörðum hafa sent setrinu. Krufin voru 45 dýr og verður viðkomandi aðilum sent bréf með niðurstöðum krufninganna um leið og aldursgreining liggur fyrir. „Við þökkum þeim sem tóku þátt og sérstaklega þeim sem gengu vel frá dýrunum og skiluðu skilmerkilegri skýrslu en því fleiri upplýsingar sem fylgja

með, því nákvæmari eru niðurstöðurnar. Guðmundur og Ragnar Jakobssynir lánuðu aðstöðu sína í Bolungarvík fyrir verkið og voru starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða til aðstoðar,“ segir á Melrakkavefnum.

Þá hafa nokkrir gestir borið að garði það sem af er ári og hafa þeir þurft að sýna nokkurt umburðarlyndi gagnvart ástandinu þar sem verið er að vinna í endurbótum á húsnæðinu þessa dag-

ana. „Um síðustu helgi kom heil rúta af félögum í Oddfellow reglunni í heimsókn en þau voru í „óvissuferð“ um svæðið. Það var gaman að hitta þetta fólk en margir hverjir höfðu aldrei komið í setrið og voru menn almennt ánægðir með hversu húsið og sýningin er vel heppnað. Líklega hafa aldrei verið eins margir samankomnir í litla kaffihúsinu okkar,“ segir á melrakki.is.

– thelma@bb.is

Tillögur lagðar fyrir íbúasamtök

Nefnd um byggðarmerki Ísafjarðarbæjar hefur lagt fram þrjár tillögur sem ákveðið hefur verið að leita álits íbúasamtaka sveitarfélagsins til. Á fundi nefndarinnar kom fram að núverandi byggðarmerki uppfyllir ekki lög um byggðarmerki, það er fjögur merki samsett. Merki Ísafjarðarkaupstaðar er nothæft en laga þarf lög- un þess. Merki Vestur Ísafjarðarsýslu er nothæft óbreytt, en merki Suðureyrar og Flateyrar uppfylla ekki skilyrði umræddrar reglugerðar en þarfnast mikilla breytinga, samkvæmt mati Gísla B. Björnssonar, ráðgjafa á Einkaleyfisstofu. Tillögur nefndarinnar eru því að efna til samkeppni um nýtt merki en kostnaður þess er áætlaður 1,5 milljónir króna, að nota merki Vestur Ísafjarðarsýslu óbreytt eða nota merki Ísafjarðarkaupstaðar, með litlilegum breytingum. Það þarf að laga lögum merkisins og er áætlaður kostnaður við það er um 250 þúsund krónur.

Líkamsræktarstöð í Reykjanesi

„Þetta er eitt skref í þá átt að byggja hér upp heilsutengda ferðaþjónustu,“ segir Jón Heiðar Guðjónsson, hótellstjóri í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en ferðaþjónustan festi nýverið kaup á líkamsræktartækjum sem sett verða upp í íþróttahúsinu á staðnum. „Við erum að setja tækin upp í íþróttasalnum og í vor verður þar komin fullbúin líkamsræktarstöð.“ Jón Heiðar segir að ekki standi til að hafa fastan þjálfara við stöðina. „Til að byrja með munum við fá til okkar hópa þar sem þjálfari verður með í för. Við munum svo þreifa okkur áfram með þetta og hver veit hvað gerist,“ segir Jón Heiðar. Hann segir þorablótin hafa verið vel sótt á staðnum. Í mars verði síðan tvær stórar ráðstefnur í Reykjanesi og bókanir gangi vel fram á vorið.



Líkanin er af Ísafirði eins og álitíð er að bærinn hafi verið 1866.

Líkan af eyrinni í Skutulsfirði til sýnis

Fjörutíu og fimm ára gamalt líka af eyrinni í Skutulsfirði hefur verið sett upp til sýnis í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Líkanið, sem sýnir eyrina árið 1866, var gert í tilfelli af 100 ára afmæli Ísafjarðarkaupstaðar árið 1966. Líkanið er í eigu

Ísafjarðarbæjar, en hefur verið í geymslu á lofti Byggðasafnsins við Austurveg um árabil að sögn Jóns Sigurpálssonar, forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða. Það var Jón Hermannsson, loftskeytamaður og málari á Ísafirði sem á heiðurinn af líkaninu. Gera

má ráð fyrir að stór hluti íbúa Ísafjarðarbæjar hafi aldrei séð líkanið og því eru þeir hvattir til að leggja leið sína í Stjórnsýsluhúsið. „Þetta er mjög skemmtilegt og vel gert verk og gaman skoða það,“ segir Jón Sigurpálsson.

Stafræn smiðja í undirbúningi á Ísafirði

Til stendur að koma á fót svokallaðri Fab lab smiðju á Ísafirði. Er stefnt er að stofnun stýrihóps sem á að vinna að uppsetningu slíkrar smiðju og er ætlunin að halda kynningu á stafrænni smiðju eða Fab Lab smiðju (Fabrication Laboratory) og jafnframt stofnfund slíks stýrihóps fyrir verkefnið mánudaginn 28. febrúar kl. 12 í húsnæði Menntaskólans á Ísafirði. Starfssemi Fab Lab smiðju

í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki verður kynnt og farið yfir stöðu og framtíðarsýn vegna verkefnisins á Ísafirði. Að því búnu verður kosið í undirbúningshóp og eru áhugasamir og velviljaðir beðnir að gefa kost á sér með því að senda tilkynningu fyrir fund á jon@misa.is. Undirbúningshópurinn mun vinna að undirbúningi verkefnisins með það að markmiði að stafræn smiðja verði komin í notkun á

Ísafirði ekki síðar en haustið 2012.

„Fab Lab smiðja er vel til þess fallin að efla nýsköpun og þróun á litlum atvinnusvæðum og getur eflt verulega möguleika íbúa til að skapa sér lífsviðurværi með eigin hugmyndum. Fab Lab smiðja á Ísafirði gæti nýst til kennslu í hönnun og teikningu við Menntaskólann á Ísafirði sem og við grunnskóla Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur. Fab

Lab smiðjan gæti verið aðgengileg fyrir almenning og mun nýting hennar og aðgengi verða sérstaklega kynnt þegar uppsetningu er lokið,“ segir í kynningu.

Á kynningarfundinum mun Frosti Gíslason starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Vestmannaeyjum og Þorsteinn Broddason starfsmaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Sauðárkróki verða á fundinum og eru tilbúnir til að setjast niður með

þeim sem vilja til að fara yfir verkefnið. Til dæmis þeim sem kæmu að fjármögnun og ekki síður þeim sem við teljum að myndu nýta smiðjurnar t.d. skólastjórum og e-m kennurum í framhalds- og grunnskólum á svæðinu, Fræðslumiðstöð, Vesturafl, Starfsendurhæfing ofl. Áætlað er að fundinum ljúki um kl. 13:30 með sérstakri kynningu fyrir undirbúningshópin.

– thelma@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar **24. - 27. febrúar**

Góð kaup!

~~749~~

599 kr/kg

Svínahakk

úr kjötbörði eða pakkað ferskt

36% afsláttur

~~1.545~~

989 kr/kg

Svínagúllas

úr kjötbörði eða pakkað ferskt



Svínaríf

399 kr/kg

verð áður **798** kr/kg

50% afsláttur

30% afsláttur

~~2.198~~

1.539 kr/kg

Svínalundir

úr kjötbörði eða pakkaðar ferskar

40% afsláttur

~~329~~

197 kr/pk

Hvítlauksbrauð

2 stk, 350g, frá Coop

32% afsláttur

~~219~~

149 kr/pk

Pastaskrúfur 500 g

3 litir, 250g, frá Coop



Gæða tómatvörur frá Coop



43% afsláttur

79 kr/ds

400g, verð áður **139** kr/ds



Del Sapo melónur

sætar og safaríkar!

...sjá uppskrift í Drykkir "Melónuhristingur með ananas og döðlum" á samkaupurval.is



50% afsláttur

245 kr/kg

verð áður **489** kr/kg

...einstök þjónusta í góðum verslunum
samkaupurval.is

Með síðustu skáldsöguna í smíðum, eða hvað?

Eyvindur P. Eiríksson gaf út tvær nýjar bækur fyrir jólin sem bætast í veglegt ritsafn hans. Það eru barnabókin „Lillilalli og vatnið góða“ og ljóðabókin „Varstu?“ Eyvindur hefur helgað sig ritstörfum að mestu frá árinu 1987 en drýgt tekjurnar með kennslu og hefur hann kennt á flestum skólastigum.

Eftir Eyvind liggja ljóð, skáldsögur, þýðingar og greinar í fagfagmaritum. Fyrsta ljóðabók hans, „Hvenær?“, kom út 1974 og fyrsta skáldsagan, „Múkkinn“, 1988. Eyvindur P. Eiríksson býr nú í Dalane á Rogalandi í Noregi en dvelst oft fyrir vestan.

Blaðamaður Bæjarins besta settist niður með Eyvindi og leit yfir farinn veg.

– Hvernig byrjaði ritferilinn?
„Ég byrjaði seint að skrifa. Ég var eitthvað að yrkja í menntaskóla eins og svo margur en ekkert að ráði, villtist áfram menntavegin og fór á vinnumarkaðinn. Lengst af vann ég við háskóla-kennslu, í Reykjavík, Finnlandi og Danmörku. Þegar ég sneri aftur heim til Íslands frá Danmörku árið 1987 var ég ekki með neina stöðu og ákvað að sækja ekki strax um slíka en láta slag standa og reyna að skrifa í nokkur ár. Mér var reyndar bent á að ég ætti mikla möguleika á að fá auglýsta stöðu við Háskólann en ég ákvað að sækja ekki um hana. Seinna fékk ég að vita að ég hefði örugglega fengið hana en ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun minni. Það hefði svo sem ekkert verið slæmt að fá þessa stöðu. Þá hefði ég eflaust orðið dósent í Háskólanum og unnið að þeim fræðum sem ég hafði menntað mig í. En ég valdi annað. Við erum sífellt að velja í lífinu og vitum sjaldnast hvort við veljum rétt. Ætli þar tróni ekki þessi forlög, sem heiðnir forfeður okkar trúðu á? Þeir skildu það, að við stöndum stöðugt frammi fyrir þeim kostum örlaganna að vera maður og standa sig eða gefast upp. Það gerum við enn og ætíð sem dauðlegar verur og þar skal maðurinn reyna.“

Nú, ég hef svo sem fengið að gera margt annað skemmtilegt. Ég fór t.d. sem ungur blaðamaður í mánuð víða um Sovétríkin sálugu, ferðaðist um þorp innfæddra í Júkon í Kanada sem „Storyteller“, sagnaþulur, vann einnig sem „myndskáld“ með listamönnum



í Québec og í Genúu á Ítalíu. Þá hef ég haldið nokkrar „ljóðmyndasýningar“, jú og ýmislegt fleira.“

„Fyrstu skáldsöguna mína, „Ronni“, las ég í útvarp en hún hefur ekki komið út. Svo gaf Íðunn út „Múkkinn“ sem fékk sæmilegar viðtökur þó svo að ég væri skammaður fyrir gróft orðbragð. Hún fjallar um að togara-áhöfn og sjómenn eru nú almennt ekkert orðljótari en aðrir menn, þó það sé auðvitað misjafnt eftir skipum. Ég var á tveimur togurum í minni sjómannstíð og nokkrum bátum og það var mjög misjafnt orðbragðið á þeim. En eins og í byggingariðnaði, vegavinnu og víðar kemur upp viss talsmáti sem oft er grófur, það verður daglegt mál hjá sumum að nota grófyrdi. Það er jú mis-

jafnt eftir mönnum og sumir eru síbólvandi eða þá að klæmast. Í Múkkannum er einn gaur sem klæmist allan tímann, það er bara hans talsmáti, leiðinlegur vissulega. Ég ákvað að notast við þetta í sögunni en þar er engin slík setning sem ég skáldaði upp og ég hef oft heyrt mun grófara orðbragð en þarna kom fram.

Ég held að ég sé ekki að ljúga upp á neinn þótt ég segi að þetta sé metnaðarfullsta sjómanna-sagan sem skrifuð hefur verið á íslensku, fyrir þá utan ævisögur. Það hafa verið skrifaðar góðar sögur en þær eru öðruvísi. Mín saga notar t.d. þennan 30 manna heim á margan hátt táknrænt. Þetta er lokaður karlaheimur umlukinn óbundinni og miskunnarlausri náttúru, og margir eru um-

komulausir þegar þeir koma í land. Sagan er ein af fáum íslenskum kollektíf-sögum, svokölluðum, þar sem hópurinn, samfélagið, er í raun aðalpersónan, síður einstaklingurinn. T.d. er oft óljóst hver sé að segja hvað um borð.“

Annað ljóðasafnið nánast glataðist

„Þarna 1987 var ég kominn á sextugsaldur. Ég hafði þá gefið út ljóðakver 1974 sem var nánast fyrir tilviljun. Einnig annað ljóðakver 1978 en fæstir vita af því þar sem lagerinn eyðilagðist og aðeins örfá eintök til. Fékk reyndar verðlaun 1983 fyrir leikþátt og keypti seglskútu fyrir peningana.“

Ég eignaðist aldrei minn útgef-

anda, ef svo má segja, og þar af leiðandi var erfitt að komast inn í bransann. Maður þarf ákveðinn stimpil og hann er oft erfitt að fá og gjarnan tilviljun hver fær og hver ekki. Það kannast ekki síst ungt fólk við, einnig þeir sem eru á einhvern hátt sérvitir í verkum sínum. Nú er ég orðinn þetta gamall að ég vil bara koma frá mér því sem ég hef verið að vinna. Það er auðvitað misjafnt hvernig rithöfundar vinna en ég hef alltaf verið með mörg járn í eldinum. Nú er ég m.a. með í smíðum allstóra skáldsögu sem gæti orðið mín síðasta. Ég hef verið að grípa í hana af og til í allmörg ár núna og stefni helst að því að ljúka henni fyrir vorið. Ég á reyndar grind að annarri og er að vinna margt annað sam-

hliða, fyrir utan það að lifa lífinu meðan heilsan endist. Er það ekki einmitt kjarni málsins?“

Reynir að breyta til um efni og efnistöð

Eyvindur segist gjarnan vilja fást við nýtt efni hverju sinni.

„Eins og svo margt annað eru ritsmíðar fag sem lærist með æfingunni. Menn ná tökum á ákveðnu tjáningarformi í texta sínum og verkum og halda sig gjarnan við það. Ég hef yfirleitt reynt að brjóta upp efnistökin hjá mér, ýmislegt orðalag er vafalaust þekktanlegt, en varðandi efni og annað hef ég reynt að leita á ný og ný mið. Ég hef þó orðið var við það, að ef maður er ekki orðinn þekktur og vel metinn rithöfundur, stimplaður sem ég kalla, getur það reynst hættulegt. Það á ekki eingöngu við um okkar tíma heldur sést það í gegnum bókmenntasöguna, að þegar þekktur rithöfundur breytir um stíl þykir það mjög merkilegt, en annars ekki.“

Ég hef til dæmis verið gagnrýndur fyrir að vera með of flókin verk eins og bókina „Glass“. Það er bara bull. Hún fjallar um mann sem flýr heimsmynd sem er að hrúni komin, þar er fólk að kljást við mengun og hálfalda óstjórn kapitalismans. Gamla Reykjavík er undir gleri, enskan er orðin opinbert tungumál þó svo að íslenskan sé enn notuð. Þar lifir fólk þægilegu lífi þótt stjórnfarið sé greinilega gervilyðræði. Utan við glerheiminn eru hins vegar svokölluð hverfi þar sem lögleysa ríkir að mestu. Þetta er táknmynd fyrir okkur í hinum vestræna heimi, ekki síst hér á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, við lifum að vissu leyti undir gleri. Ef farið er lengra suður bíður okkar víða allt annar heimur. Þriðjungur jarðarbúa er meira eða minna undir fátæktarmörkum og ekki einu sinni sjálfsagt að margir hverjir hafi aðgang að vatni. En okkur finnst þetta vera utan við okkar heim og það reyni ég að sýna táknrænt í sögunni minni.

Eftir að hafa reynt árangurslaust að koma henni út í 10 ár, gaf ég hana út sjálfur. Árið eftir kom svo hrúnið! Þetta er einfalt: Lítt heftur kapitalismi er bein dauðastefna, ófreskja sem sífellt þarf að tútna út til að lifa, fá meiri og meiri hráefni, meiri og meiri orku, stærri og stærri markað, meiri hagvöxt sem sé. Hversu lengi getur það gengið á þessari litlu jörð okkar? Honum þarf a.m.k. að halda stíft í skefjum með sterkum samfélagslegum böndum. Honum tekst bara alltaf að ljúga sig inn á fólk, þótt það kosti kreppu hans fyrr eða síðar. Hann er eins og sumir sníklar sem sjúga líftórana úr eigin hýsli og þurfa að finna nýjan. Við höf-

um bara þennan eina hýsil, móður Jörð! En fjöldi fólks hefur gullfiskaminni, eða kaus ekki mikill meiri hluti þjóðarinnar yfir sig Davíð og Halldór og þeirra gengi? Jú, og vill fá þá aftur, greinilega! Ætli þeir sem mest væla geti ekki sjálfum sér um kennt, en svo kemur þetta auðvitað ekki síður niður á okkur hinum.“

Verðlaunaverk

Eyvindur hlaut bókmenntaverðlaun Halldórs Laxness fyrir skáldsögu sína „Landið handan fjarskans“ árið 1997 og var bókinn tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið eftir.

„Sjálfum finnst mér framhaldið, „Þar sem blómið vex og vatnið fellur“, vera jafnvel betra, en þessar tvær sögur hlutu talsverða athygli. Í kjölfarið hélt ég að ég væri kominn fyrir vindinn í útgáfumálunum. Vaka-Helgafell gaf út verðlaunasögur í samstarfi við Laxnessjóðinn en tók annars vanalega ekki að sér rithöfundana eftir það. Þeir ætluðu þó að gera það með mig og auglýsa mig upp en það datt upp fyrir af ýmsum ástæðum,“ segir Eyvindur brosandí og greinilegt að hann dregur úr.

„Seinna gaf Lafleur, sundkappi og jógakennari, út „Örfok“, sem er vissulega nokkuð flókin. Hann sagði hana vera svo mikið „jóga“ en aðrir segja hana mjög svo „póstmoderníska“, en það orðskrípi veit ég varla hvað þýðir, þótt ég sé allvel menntaður í bókmenntum! Enn seinna tók ég þátt í ástarsögukveppni sem Vestfirski forlagið efndi til og mín saga varð meðal þriggja sem voru valdar til útgáfu. Það var mjög gaman að fá að vera með þar og þetta er talsvert öðruvísi saga en aðrar sögur mínar. Hún fjallar um gamlan enskukennara sem rifjar upp þrjár stærstu ástir lífs síns. Við slík skrif verður maður að notast mjög við efni frá sjálfum sér en ég er ekki sögupersónan, þótt fyrsti ástapátturinn sé reyndar nánast ævisögubrot“ segir Eyvindur og hlær.

Vestfirsk bernska fyrirmynd sögunnar um Lalla

Lillilalli og vatnið góða er fjórða barnasaga Eyvindar.

„Ég ólst upp í fjörunni og ætlaði mér að verða sjómaður þó svo að ég hafi leitað annað. Eftir stúdentspróf nennti ég ekki lengur í skóla og fór á skrifstofu, leiddist þar og fór á sjó, var smátíma á tveim togurum, einnig á bátum, síld m.a. Ég hef alltaf verið mikið fyrir báta, pabbi átti smátrillu og þegar ég bjó erlendis átti ég alltaf seglskútu, raunar aðeins 16 fet, en svo uppfærði ég þær og sú síðasta var best. Hún brotnaði svo illa í óveðri að ég



85 börn fæddust á Vestfjörðum á síðasta ári.

Áttatíu fimm börn fæddust á Vestfjörðum 2010

Áttatíu og fimm börn fæddust á Vestfjörðum á síðasta ári. Er það tólf börnum minna en árið á undan. Flest börnin fæddust í Ísafjarðarbæ eða 54 en því næst komu Bolungarvík með átta börn og Vesturbyggð með sjö. Í Reykhólahreppi fæddust þrjú börn og fimm börn í Tálknafjarðarhreppi. Í Súðavíkurreppi, Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Bæjarhreppi fæddist eitt barn á hverjum stað. Í Strandabyggð fæddust fjögur börn. Árið 2010 fæddust 4.907 börn á Íslandi, 2.523

drengir og 2.384 stúlkur. Einungis tvisvar áður hafa fleiri lifandi fædd börn komið í heiminn á einu ári, þ.e. árin 2009 og 1960. Árið 2009 fæddust 5.026 börn og 4.916 árið 1960.

Á Hagstofuvefnum segir að meðalaldur mæðra hafi hækkað jafnt og þétt síðustu áratugi og konur eignist sitt fyrsta barn síðar á ævinni en áður var. Frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur frumbyrja undir 22 árum en eftir miðjan níunda áratuginn hefur meðalaldur frumbyrja hækkað og var

26,6 ár að meðaltali á árabílinu 2006-2010.

Algengasti barneignaldurinn er á milli 25 og 29 ára. Á því aldursbili fæddust 138 börn á hverjar 1000 konur árið 2010. Næst algengast er að konur eignist börn á aldursbilinu 30-34 ára. Aldursbundin fæðingartíðni undir tvítugu var 13 börn á hverjar 1000 konur árið 2010. Það er afar lágt miðað við árabilið 1961-1965 en þá áttu konur á þessu aldursbili 84 börn á hverjar 1000 konur.

– *thelma@bb.is*

seldi flakið. Ég var oftast einn en krakkarnir mínir sigldu þó oft með mér, mest Rósa og Eyjólfur og ég skrifaði upp úr þeim ferðum okkar þrjár sögur þar sem yngri strákarnir og dóttir mín voru fyrirmyndirnar. Fyrsta bókinni hafði Eyjólfur að fyrirmynd og ég notast t.d. við brandarana hans frá þeim tíma. Næsta saga var byggð um persónu Erps og í þeirri síðustu var Rósa mín fyrirmyndin. Tvær fyrstu voru gefnar út hjá M&M en voru lítt auglýstar, seldust illa svo sú þriðja kom aldrei út. En menn segja mér að hún sé best. Ég þarf endilega að koma henni út.“

Nýja bókinn fjallar um Lillalalla sem elst upp í sjávarþorpi og ævintýri og pælingar hans. Greinilegt er að Vestfirðir eru fyrirmynd söguviðsins.

„Ég er alinn upp hér fyrir vestan og það hefur alltaf blundað í mér að skrifa um krakka þar. Fyrir ekki svo löngu dreif ég í því, að nokkru undir áhrifum frá sögu Böðvars frá Hnífsdal „Strákarnir sem struku“ en hana las ég oft sem krakki. Ég sýndi Hallgrími hjá Vestfirski handritið fyrstum manna og honum leist það vel á að ákveðið var að gefa hana út.“

– Er hún byggð á þinni bernsku?

„Bæði já og nei, helst þá hugsunarhátturinn. Um tíma áttum við að vísu heima í Hnífsdal og pabbi var á bát þaðan, Mími. Þarna er fólk að flytjast suður og það skilja krakkarnir ekki því þeim finnst allt vera til alls í þorpinu. Það er það líka sko og margt sem ekki er fyrir sunnan. Þeir hafa nokkrum sinnum komið til Reykjavíkur og þar eru götur ofan og götur neðan, bærinn upp um öll fjöll og þau sjá ekki hvað er svona spennandi við það. Svo dúkka upp í plássinu menn frá ítölsku fyrirtæki sem er að leita að besta vatninu á Íslandi til að flytja út. Ítalirnir hafa í hyggju að nota hrausta íslenska unglíngi í auglýsingum og efna til hlaupakeppni til að velja úr tvö bestu þörin.“

Sest aldrei alveg í helgan stein

En hvert verður framhaldið í ritstörfum Eyvindar?

„Ég er nýorðinn 75 ára og tími minn er vitaskuld ekki endalaus. Ég er með plön um skrifin næstu 2-3 árin en svo veit ég ekki hvað ég geri. Þá verð ég líklega orðinn það laturlatur að ég nenni ekki meiru,“ segir Eyvindur kíminn. „Nú bý

ég úti í Noregi á afskaplega skemmtilegum stað þar sem eru vötn, fjöll, bátur og allt til alls. Það er því nóg að gera og við að vera. Míg langar allavega að klára skáldsöguna sem ég minnst á áðan og eins á ég nokkurt safn af smásögum sem ég hef skrifað í gegnum tíðina og lítið verið gert með. Það væri gaman að gefa út smásagnasafn. Einnig á ég nokkur leikrit og leikþætti sem hafa verið fluttir t.d. á Act alone og í útvarpi og langar að koma þeim út á bók. Þegar það er búið, verð ég bara gladdur,“ segir Eyvindur og hlær.

– Og á þá að setjast helgan stein?

„Ég veit það nú ekki. Ég er búinn að koma frá mér á prent 18 frumsömdum verkum og u.þ.b. 8 þýðingum, og líklega um 15 verkum á annan hátt svo sem í útvarp eða á svið. En þegar maður er í svona grúski sest maður aldrei alveg í helgan stein. Á meðan hausinn virkar á annað borð er alltaf eitthvað að gerjast, þetta er bara eins og hrærivél sem gengur stöðugt. Það liggur við að maður heyri marrið í heilanum vinna. Og enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Eða ætli maður viti hana nokkuð frekar þá heldur?“

– *thelma@bb.is*

Gengið frá Klofningi

Ráðgert er að setja um eins metra þykkt moldar- og malarlag yfir urðunarsvæðið við Klofning í Önundarfirði. Þá verður sáð í allt svæðið, sem er tæplega einn hektari að stærð, og með tíð og tíma verður farið í skógrækt á svæðinu. Þetta kemur fram í minnisblaði Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjartækni-fræðings Ísafjarðarbæjar, vegna lokunaráætlunar fyrir svæðið.

Þar kemur fram að kostnaður við fyllingu sé áætlaður 4,5 milljónir króna og kostnaður við jöfnun og sáningu er áætlaður 1,5 milljónir. Heildarkostnaður er því um 6 milljónir króna. Reiknað er með að verkið taki um tvo mánuði.

Bæjarráð hafði óskað eftir upplýsingum um hvað fælist í ábyrgð vegna bráðamengunar. Í minnisblaðinu segir að samkvæmt reglugerð skuli rekstraradili leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgir, þar á meðal um lokunar- og eftirlitsaðferðir. Ákvæðið gildi þó ekki um urðunarsaði fyrir óvirkan úrgang. Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarsaði hafi verið lokað.

– thelma@bb.is



Ágúst G. Atlason, Búrlistamaðurinn í Ísafjarðarbæ.

Ágúst kjörinn listamaður Búrsins

Áhugaljósmyndarinn Ágúst G. Atlason var kjörinn Búrlistamaðurinn í Ísafjarðarbæ í netkosningu sem galleríið Búrið á Ísafirði stóð fyrir. Að sögn Lísbetar Harðadóttur sem stóð fyrir kosningunni voru um tuttugu listamenn tilnefndir og á annað hundrað tilnefninga bárust. Þá voru fjórir listamenn sem trónuðu á toppinum en auk Ágústar voru

það Henna Rikka Nurmi, Kristín Helgadóttir og Sunna Karen Einaradóttir. Rétt er að taka fram að þær eru taldar upp í engri sérstakri röð.

Ágúst fékk að launum 101.000 krónur frá Búrinu auk klinks sem bæjarbúar höfðu látið af hendi en ekki hefur fram talning á því hve mikið safnaðist. Þá hefur hann opnar sýningu í Búrinu og

á ganginum í Edinborgarhúsinu í tengslum við útnefninguna.

Tilkynnt var um úrslitin við formlega athöfn við Búrið á laugardag. „Vegna algjörlega ófyrir-séðra aðstæðna komst ég sjálf ekki vestur á athöfnina en það sýnir vel hvað menningarlífið í sveitarfélaginu er töff að þá tók fráfarandi bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar og aðrir sjálfboða-

liðar það að sér að halda athöfnina. Þetta var líka ótrúlega flott hjá þeim,“ segir Lísbet.

Þess má geta að Búrið stendur fyrir sýningu í Sóltúni á Ísafirði um páskana þar sem Búrlistamaðurinn sýnir ljósmyndir ásamt ásamt fleirum sem tilnefndir voru. „Það eru bjartir tímar framundan hjá Búrinu,“ segir Lísbet.

– thelma@bb.is

Spurningin

Getur þú hugsað þér að breyta bílnum þínum í metanbíl?

Alls svöruðu 470.

Já sögðu 270 eða 57%
Nei sögðu 200 eða 43%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnan og suðvestanátt, víða 5-10 m/s en hvessir síðdegis. Éi, en úrkomulítið NA-lands. Frost 1-7 stig en frostlaust við suður- og austurströndina.

Horfur á laugardag:

Suðvestlæg átt með éljagangi. Áfram fremur kalt í veðri. **Horfur á**

sunnudag: Lítur úr fyrir suðlæga átt með vætu og hlýnandi veðri.

Ritstjórnargrein

Sá á kvölina sem á völinu

Konudagurinn árið 2011 verður öðrum konudögum eftirminnilegri fyrir þær sakir að þann dag ákvað forseti íslenska lýðveldisins, en eina ferðina, að staðfesta ekki lög sem Alþingi hafði samþykkt, en nýta sér í þess stað ákvæði í stjórnarskrá og vísa þeim til þjóðarinnar. Hér er auðvitað um að ræða Icesave-málið, sem 70% þingmanna höfðu eftir mikið japl og jaml og fuður og nýjan samning náð samstöðu um. Í ljósi þessarar auknu samstöðu innan þingheims sýnist mörgum sitt-hvað um ákvörðun forsetans, þrátt fyrir minni mun á afstöðu þingmanna til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið, sem krafist hafði verið á þingi og með almennri undirskriftasöfnun. Viðbrögðin við ákvörðun forsetans staðfesta að enn ríkir bullandi ágreiningur meðal þjóðarinnar í Icesave-málinu, sem tröllriðið hefur samfélaginu, þjóðinni til ómælds skaða. Að ákvörðun forsetans tekinni kemst þjóðin ekki hjá því að segja já eða nei: Já, við eigum að semja, á þeirri forsendu að það sé síðaðra manna háttur að leysa deilumál með samningum, svo vitnað sé efnislega til ummæla eins af kunnari fyrri tíma stjórnámálaleiðtogum þjóðarinnar. Nei, við borgum ekki skuldir óreiðumanna og látum óhikað skeika að sköpuðu hvað morgundagurinn ber í skauti sínu. Norrænir víkingar af konungakyni láta ekki kúga sig.

Þjóðaratkvæðagreiðslu ber að efna til svo fljótt sem auðið er. Missurum saman hafa þingmenn farið yfir Icesave-málið með færustu sér-

fræðingum sem vól er á og sem leiddu til lykta samninginn, sem Alþingi samþykkti og forsetinn kaus að axla ekki ábyrgð á. Í meðförum þessara manna hafa öll tiltæk gögn er málið varða verið grannskoðuð. Þingmenn hafa ekki látið sitt eftir liggja og deilt um málið mánuðum saman. Nú geta þeir andað léttara. Forsetinn hefur létt af þeim byrðinni.

Sá á kvölina sem á völinu. Orð þingmanna um að þjóðin sé illa upplýst í málinu eru sannmæli, sem stangast á við þeirra eigin orð um að þjóðin sé fullfær um að taka ákvörðun í málinu. Hvernig því fræðsluefni, þúsundum blaðsíðna, sem þingmenn hafa haft til lestrar langtíma saman, á að koma til skila meðal almennings á örfám vikum er vandséð. Raddir eru uppi meðal þingmanna að þeir eigi að halda sig til hlés í aðdraganda kosninganna. Hverjir eiga að halda á kennaraprikinu? Saminganeftinni? Á að dreifa samingnum, ásamt helstu fylgiskjöllum inn á hvert heimili í landinu? Spurt af hreinskilni: Hafa þingmenn, og forsetinn, yfir höfuð gert sér grein fyrir með hvaða hætti á að uppræða almenning um þetta flókna milliríkjamál, svo nokkru nemi? Trúlega þykir öllum vænt um að vera traustins verður. Hvað verður gert af hálfu hins opinbera til að almenningur fái risið undir þeirri byrði, sem nú hefur verið sett á herðar hans? Almennur, sem bera á endanlega ábyrgð á Icesave-málinu á skýlausa kröfu á að þessari spurningu verði svarað?

– s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



GOTT VERÐ Í BÓNUS



998
KR.kg

KS LAMBALÆRI FROSID



KS FROSIN LAMBASVIÐ
259 KR.KG.



Sérskorið Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófuþeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI
1359 KR.KG.



K.S FROSINN LAMBABÓGUR
798 KR.KG.



BÓNUS WC PAPPÍR 18x200 BLÖÐ ÍSLENSKUR IÐNAÐUR



BÓNUS ELDHÚSRULLUR 6x60 BLÖÐ ÍSLENSKUR IÐNAÐUR



BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ FRÁBÆRT VERÐ 26 SNEIÐAR



GEVALIA KAFFI BRYGG MELLANROST NÝ GERÐ MEÐ BETRI FYLINGU
495 KR. 500g

GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4 ÞARF AÐEINS AÐ HITA



BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR



BÓNUS BURRITOS 4 STK.

998
KR. STK.



BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE



BÓNUS HEILSURÉTTUR



Kemur Gylfi Þór að útgerð á Flateyri?

Einn besti knattspyrnumaður Íslendinga, Gylfi Þór Sigurðsson, hefur fjárfest með föður sínum Sigurði Aðalsteinsyni í báti og kvóta fyrir um fimm hundruð milljónir króna. Frá þessu er greint í Séð og heyrt en eins og fram hefur komið er Sigurður Aðalsteinsyni einn af forsprökkum Lotnu ehf. sem keypt hefur protabú Eyrarodda á Flateyri. Gylfi Þór hefur farið hamföllum með U-21 árs landsliði Íslendinga í knattspyrnu sem tryggði sér þátttökurétt í úrslitakeppni Evrópumóts U-21 árs landsliða karla sem haldið verður í Danmörku á næsta ári. Gylfi var í haust keyptur til þýska úrvalsdeildarliðsins Hoffenheim og er annar markahæsti leikmaður liðsins með fimm mörk.

Langt sorpferðalag

Sorpi sem til fellur í Ísafjarðarbæ er ekið til urðunar í Fíflholti á Mýrum, um 390 kílómetra leið. Það þýðir að alls eru eknir að minnsta kosti 30 þúsund kílómetrar á ári. Ekki hefur fundist hentugur sorpurðunarstaður í Ísafjarðarbæ auk þess sem áhöld eru um hvort hagkvæmt sé fyrir sveitarfélagið að koma sér upp nýjum urðunarstað en það er talið kosta tugi milljóna. Nú falla um 25 tonn af sorpi til á viku og þarf því að fara með sorpið vikulega. Verið er að innleiða nýtt sorpflokkunarkerfi sem ætlað er að draga úr sorpurðun.

Prír fengu ritlaun

Prír vestfirskir rithöfundar fengu úthlutað ritlaunum frá Rithöfundasambandi Íslands. Ísfrjóingurinn Eiríkur Örn Norðdahl og Bolvíkingurinn Eiríkur Ómar Guðmundsson fengu úthlutað ritlaunum til níu mánaða og Dýrfirðingurinn Vilborg Davíðsdóttir til sex mánaða. Alls fengu 67 höfundar ritlaun. Launasjóður rithöfunda starfar samkvæmt lögum um listamannalaun og miðast launin við lektorslaun við Háskóla Íslands.

Snjóflóðavarnir boðnar út

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur fyrir hönd Ísafjarðarbæjar og Ofanflóðasjóðs, óskað eftir tilboðum í snjóflóðavarnir og þvergarð undir Kubba í Skutulsfirði. Verkið felst í að reisa snjóflóðavarnargarð á úthlaupssvæði snjóflóða úr Kubba. Um er að ræða þvergarð sem er u.þ.b. 220 metra langur í toppinn. Í verkinu felst einnig mótun yfirborðs skeringa flóðmegin við garða. Einnig gerð vinnuvega, varanlegra vegslóða, gangstíga og áningarstaða og gerð drenguráða, lækjarfarvega og vatnsrásra, lagning ræsa og jöfnun yfirborðs og frágangur. Verkinu skal vera að fullu lokið í september 2012.

Handverksfólk til Þingeyrar

Þjóðbúningafélags Vestfjarða hefur óskað eftir afnoti af skólaláhúsnæði Grunnskólans á Þingeyri dagana 3.-9. júlí, en á þeim tíma verða starfræktar þar handverksbúðir í samstarfi við Heimilisíðnaðarfélagið og samtök norrænna heimilisíðnaðarfélaga, Nordens Husflidsforbund. Gert er ráð fyrir um 130 – 150 þátttakendum frá Norðurlöndunum. Fræðslunefnd hefur lagt til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að styrkur bæjarfélagsins til verkefnisins felst í láni á grunnskólanum á Þingeyri til kennslu, þó þannig að skólinn beri ekki kostnað af verkefnum.



Seljalandsvegur 102 og 100 á Ísafirði.

Mælt með uppkaupum tveggja fasteigna

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að hafnar verði viðræður, í samráði við Ofanflóðasjóð, um uppkaup á fasteignum við Seljalandsveg 100-102 á Ísafirði vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla í Skutulsfirði. Frumathugun á ofanflóðavörnum, sem unnin var árið 2009 ef verkfræðistofunni Verkís, gerði ráð fyrir að verkinu yrði skipt í fimm hluta. Þær framkvæmdir sem nú standa yfir eru á garði nr. 5, sem er fyrir ofan Hjallaveg. Að því er fram kemur í minnisblaði bæjartæknifræðings er garður 1 um 14 metra hár

og 260 metra langur og ver í sjálfu sér ekki mörg hús. Ofanflóðasjóður vill því að skoðað verði hvort hægt sé að fara aðrar leiðir þar, t.d. með uppkaupum á húsunum við Seljalandsveg 100 og 102.

Til að hægt sé að halda áfram með málið verður Ísafjarðarbær að gera upp við sig hvort fara eigi í uppkaup eigna eða byggingu varnargarðs. Í minnisblaðinu kemur fram að kostnaður við uppkaup sé um 60-80 milljónir sem er ódýrari leið en bygging varnargarðs. Þegar ákvörðunin liggja fyrir verður hægt að hefja

vinnu við umhverfismat, deiliskipulag og endanlega hönnun mannvirkisins.

Framkvæmdir við ofanflóðavarnirnar hófust s.l. sumar en KNH ehf., hefur verkið með höndum. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi íbúa og vegfarenda á núverandi ofanflóðahættusvæðum undir Gleiðarhjalla. Um er að ræða íbúðabyggðir við Hjallaveg og Hlíðarveg. Framkvæmdasvæðið nær frá Urðarvegi og út fyrir Hjallaveg, að Ísafjarðarvegi. Gert er ráð fyrir að varnarvirkin verji um 60 íbúðir samkvæmt deiliskipulagi.

Samþykkir ekki uppkaup

„Mér var mjög brugðið við að sjá fréttina um þetta og ég er enn að jafna mig. Ég mun kanna réttarstöðu mína,“ segir Ásthildur Cesil Þórðardóttir, íbúi að Seljalandsvegi 100 á Ísafirði, en bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að farið verði í viðræðum um uppkaup á fasteign hennar sem og fasteigninni að Seljalandsvegi 102, vegna varnargarða sem gera á fyrir ofan Ísafjörð. „Mér finnst þetta ekki góð vinnubrögð og furða mig á því að ekki hafi verið haft samband við okkur íbúana áður en ákveðið var að ráðast í

þetta. Það var mjög óþægilegt að fréttu þetta í gegnum fjölmiðla,“ segir Ásthildur í samtali við blaðið. Hún hefur einnig skrifað um málið á bloggsíðu sinni og segir þar m.a.:

„Í fyrsta lagi hefðu menn nú átt að sjá sóma sinn í að varna okkur um að þetta stæði til, því svo sannarlega hef ég ekki haft grænan grun um að verið væri að véla um að svipta mig heimili mínu og jafnvel fyrirtæki, fyrir utan það að við hjónin höfum verið að duna okkur í gegnum áratugi að gróðursetja tré fyrir

ofan húsið og eru með samning upp á það. Svo kemur þetta högg. Ég sem var svo ánægð með hvað ég væri að ná góðum árangri í að ná mér eftir áföllin og hélt að nú lægi gatan grein fram. Þá er ég slegin niður með fjöður. Það á að hrifsa af mér lífið, og það á harkalegan hátt. Hvað eru menn eiginlega að hugsa?“

Aðspurð segist Ásthildur ekki samþykkja uppkaup þegjandi og hljóðalaust. „Ég þarf að byrja upp á nýtt með allt mitt, þá er ég að hugsa um minn andlega status og hvernig ég tækla tilveruna.“



Vigur í Ísafjarðardjúpi.

Mótmæla niðurfellingu styrkja

Sveitarstjórn Súðavíkurhepps mótmælir harðlega áformum Vegagerðarinnar um að fella niður styrki til reksturs ferja í Vigur og Æðey. „Fyrirhugaður niðurskurður á sér stað á sama tíma og boðað er af hálfu innanríkisráðuneytisins að stórefla almenningssamgöngur á landinu í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, samgöngu-áætlun og sóknaráætlun 20/20.

Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að skoða frekar möguleika á fækkun ferða en að leggja þær af að öllu leyti,“ segir í bókun sveitarstjórnar. Eins og fram hefur komið hefur verið lagt til að styrkir til reksturs ferja út í Vigur, Æðey og Skáleyja verði felldir niður vegna sparnaðaraðgerða en fjárveitingar til styrktra almenningsamganga voru lækkaðar um 10% milli ára 2009 og 2010.

Til að ná þeim niðurskurði fór Vegagerðin þess á leit við rekstraraðila almenningsamganga að finna leiðir til að draga úr kostnaði eftir því sem unnt væri. Breytingar voru gerðar á samningum í þá veru að ná fram þessum niðurskurði og var ferðum fækkað víða. Á árinu 2011 er gert ráð fyrir enn frekari niðurskurði á fjárveitingum til almenningsamganga, eða um rúmlega

9%. „Ekki þykir mögulegt að ná fram frekari hagræðingu á þeim leiðum sem styrktar eru með fækkun ferða. Vegagerðin hefur gert innanríkisráðuneytingu grein fyrir því að þörf sé á annars konar úrræðum og að ekki verði hjá því komist að hætta að styrkja þær leiðir sem minnsta nýtingu hafa,“ segir í bréfi Vegagerðarinnar. – *thelma@bb.is*

Veiddu á sjötta hundrað fiðrilda

Náttúrustofa Vestfjarða hóf síðastliðið vor vöktun-arverkefni á náttúfirildum í samvinnu við Náttúrustofnun Íslands. Settar voru upp tvær ljósgildir, annars vegar í Syðridal við Bolungarvík og hins vegar í Þiðriksvalladal við Hólmavík. Í Syðridal náðust 5.373 fiðrildi af 26 tegundum og í Þiðriksvalladal náðist 3.178 fiðrildi af 24 tegundum.

Um 70% af fiðrildunum voru *Entheopria caesiata* og 13,5% *Eana osseana*. Nokkrar sérkennilegar tegundir fundust, m.a. fimm eintök af *Autographa gamma*, eitt eintök af *Rhyacia quadrangula* og eitt eintök af *Zeiraphera griseana*.

Bús væðin sem valin voru fyrir gildrunar eru svipaðar á báðum stöðum. Lyngmói og graslendi í Syðridal og lyngmói í Þiðriksvalladalur. Rannsókninni lauk í nóvember. Sýnum var safnað vikulega og þau greind.



20% afsláttur
af allri fermingarvöru gegn framvisun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

10% aukaafsláttur aðeins
föstudag og laugardag

Fáið hugmyndir! sjáið skreytt veisluborð fyrir ferminguna

Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kertí, hanskar og margt fleira.

Pantið áritaðar servíettur, kertí og sálmabækur um helgina á frábærum afslætti.

Ferming

Fermingarhelgi í Blómavali Ísafirði



20% afsláttur
af öllum kertum



blómavali
heillandi heimur
Mjallargötu 1 - Sími 450-3308

FIMMTUDAGUR 24. FEBRÚAR 2011

9

Mannlegi þátturinn mikilvægur

Finnbogi Oddur Karlsson hefur farið býsna ótroðnar slóðir og fengið að reyna ýmislegt í lífinu. Þó að hann teljist enn til Grundarpúkanna í Bolungarvík hefur hann lengst af alið manninn sunnan heiða og fyrir vestan – það er að segja í Bandaríkjunum. Hann hefur farið víða frá því að hann ákvað að hætta í skóla á tíunda ári; búið í Texas og Arkansas, ferðast um heim allan til að halda fyrirlestra og loks snúið aftur á æskuslóðir. Finnbogi, sem eflaust er mörgum kunnugur sé starfsheitinu lækni skeytt aftan við nafnið, segir hér frá heims-hornaflakkinu, goðumlíkum læknanemum og krókaleiðunum sem lífið hefur leitt hann um.

Ágætur kuklari

Frá því að Finnbogi kom til starfa á Heilbrigðisstofnuninni síðastliðið vor hefur hróður hans farið vaxandi og aðsókn í tíma hjá honum er mikil, svo ekki sé meira sagt. Hann sá sér þó fært að taka frá stuttan tíma fyrir blaðamann á febrúarsíðdegi.

„Þú verður að afsaka mig ef ég lýg mikið að þér, ég er á þrjátíu og sex tíma vakt og ósofinn,“ byrjar hann og blikkar. Það verður blaðamanni ljóst innan skamms að húmorinn er aldrei langt undan hvað Finnboga varðar. Þeir sem leitað hafa sér aðstoðar hans bera honum enda margir þannig söguna að hann sé persónutöfrum gæddur.

„Ég hef nú ekki hugmynd um af hverju það er svona mikil ásókn í tíma hjá mér. Jú, jú, ég er ágætur kuklari. Þetta er meira kuklarastarf en lækni starf. Lækni starf er svolítið listgrein og svo eru fræðin auðvitað þarna á bak við, en þau eru lítill hluti af þessu,“ segir hann. „Mikill hluti af því sem maður gerir er mannleg samskipti,“ bætir hann við.

Hann getur hins vegar ekki neitað því að Vestfirðingar sækja mikið í þjónustu hans. „Það virðist vera einhver talsýn um að ég geti leyst fleira eða kunni meira en kollegar mínir. Það er nú kannski öllu flóknara en það – en það er rétt að það er mikil ásókn í tíma hjá mér. Við þurftum að breyta þessu þannig að það

væri ekki opið fram í tímann – nú er bara bókaður einn dagur í einu. Ég var orðinn bókaður þrjár, fjórar vikur fram í tímann, sem gekk svo sem alveg, nema að ég gat aldrei fengið fólk brátt nema ég væri á vaktinni. Svo veiktist ég og þurfti að vera frá í tvær vikur og þá voru allt í einu tvö hundruð manns sem þurftu nýja tíma. Systemið fór alveg úr skorðum þarna, svo við breyttum því.“

Var „svartur engill“

Finnbogi ber kollegum sínum á Heilbrigðisstofnuninni vel söguna. „Mér finnst gott að vera hérna. Maður hefur gott lið á bak við sig. Yfirlæknirinn á skurðdeildinni er afburðamaður og búinn að vera hérna á vakt í rúm tuttugu ár. Mjög fær og glöggur. Örn, sem er yfirlæknir á heilsugæslunni, hefur verið hér í fjögur ár en yfirlæknir á heilsugæslu í fimmtán, tuttugu ár. Hann er mjög fjöl...“ hann hikar og brosir við, „...ekki þreifinn, það er víst eitthvað annað. Fjölhæfur, meina ég. Hann sér vel í gegnum flókin mál og er skarpgreindur. Helgi er líka eldklár, það deyr enginn sem bjarga má ef hann er nálægur. Strákarnir hérna ungu eru líka mjög efnilegir,“ segir hann.

Ef einhver munur er á nálgun hans og starfsbræðra hans segist Finnbogi helst telja það vera vestfirskan anda; „Það þýðir ekkert að vera með neinn barlóm á Vestfirðum. Þá ertu bara sendur suður eða á hreppinn,“ segir hann og hlær við.

Sjálfur leggur Finnbogi mikla áherslu á mannleg samskipti. „Það eina sem gerir mig vinsælan hér er held ég að ég nenni að kjafta við fólk. Ég kem eins fram við alla – sama hvort það ert þú, bæjarstjórinn eða róninn, þá tala ég alveg eins. Það er mottóið. Ég var líka úti í Bandaríkjunum í tuttugu ár og þar lærir maður rosalega kurteis,“ segir Finnbogi, sem segir lækna smám saman læra á samskiptaþátt starfsins.

„Þegar við komum út úr lækni starfsfræðideildunum er búið að segja okkur að við séum eiginlega aðeins nær guði en englarnir. Það rignir í nefið á okkur og við trúum því að við séum bara alveg

við það að svífa. Svo lærum við hægt og rólega, sumir reyndar aldrei, að þetta er ekki alveg rétt,“ segir hann glettinn.

„Þegar ég var ungstúdent á Landakoti var gamall sérfræðingur þar sem kenndi okkur ansi vel. Hann sagði að þegar við kæmum út um dyrnar værum við orðnir venjulegir borgarar og hættir að vera lækna. Hann var mjög virtur lækni sjálfur. Þetta hlustaði ég svona aðeins á, en var samt svona svartur engill í einhver tíma,“ segir Finnbogi.

Ennþá Grundarpúki

Þegar Finnbogi snéri aftur til Vestfirðna í vor hafði hann verið fjarverandi um nokkurn tíma. Hann á þó ansi sterkar rætur hingad.

„Ég er fæddur í Reykjavík, en kom þriggja mánaða gamall til Bolungarvíkur og var skírður þar. Ég kom svo á hverju sumri til Bolungarvíkur þangað til að ég var sextán, sautján ára. Ég var alltaf í Reykjavík um vetur, nema þegar ég var níu ára reyndar, því þá hætti ég í skóla. Ég var dálítið sjálfstæður,“ segir hann frá.

Skólakerfið á sjöunda áratugnum var ekki með alveg sama sniði og í dag og aðhaldið ekki hið sama. „Ég hætti bara að mæta í skólann. Ég fór út með töskuna á morgnana og svo var ég bara á bókasafninu eða að drolla niðri í bæ. Hvorki skólinn né mamma föttuðu þetta fyrir en eftir fjóra mánuði, það er náttúrulega svo langt síðan, það liggur við að þetta sé áður en að jóla-sveinarnir fæddust, og í þá daga var ekkert hringt heim. Þeir héldu væntanlega að ég væri veikur eða hefði verið sendur í sveit, svona eins og vandræðastrákar. En svo komst þetta upp og þá kláraði ég veturinn í Bolungarvík,“ segir hann og glottir.

Það er þá ekki laust við að hann hafi verið þakklátur? „Ég hefði nú sennilega verið settur á einhver lyf, rítalín eða eitthvað, í dag. Ég var ofboðslega sjálfstæður og fannst ég alltaf hafa rétt fyrir mér – og finnst enn. Það þarf að minna mig á að ég hafi að minnsta kosti einu sinni haft rangt fyrir mér,“ segir Finnbogi.

Hann kveðst líta á sig sem bæði Reykvíking og Bolvíking. „Í Bolungarvík er ég ennþá talinn vera Grundarpúki – það vorum við strákarnir sem vorum inni á Grundum. Ég fékk viðurnefnið Bogi litli á Grundunum því langafi minn hét Bogi á Grundunum. Það þekkja mig allir þar og taka mér eins og ég sé Víkari ennþá. Þó að Ísfirðingar láti stundum eins og þeir láta í Víkurunum þá þykir þeim samt vænt um þetta óþekka lið. Maður á hálf gert heima hérna líka,“ segir hann.

Krosslagði fingur á fyrsta degi

Þó að skólaferillinn hafi orðið fyrir smá áfalli þarna á tíunda ári setti skröpið ekki stærra strík í reikninginn en svo að Finnbogi útskrifaðist úr lækni starfsfræðideild Háskóla Íslands árið 1987. Hann varði kandidatsári sínu á Akureyri og hélt því næst út í héruð í eitt ár.

Hann segir það töluvert stökk út í djúpu lauginu þegar námsárin eru að baki og alvaran tekur við. „Það er engin aðlögun í lækni starfsfræði. Um leið og maður kemur í lækni starf, hvort sem það er sem læknanemi eftir fjórða árið eða sem kandidat, þá er manni afhentur sími, eða píptæki í gamla daga, lyklar, og manni er sagt – jæja, ég er farinn til Spánar. Þá situr maður bara uppi með þetta. Maður er náttúrulega búinn að læra heilmikið og aðeins búinn að þreifa fyrir sér, en er samt auðvitað alveg blankur. Maður krossleggur bara fingur og biður til Þórs eða Guðs eða hvers sem það er. Svo lærir maður bara. Maður er í þjálfun rosalega lengi,“ útskýrir Finnbogi.

Meðal þess sem lærir með árunum er hin mannlega hlið starfsins og eins að takast á við þau áföll sem einnig geta fylgt starfi sem lækni. „Maður gerir náttúrulega mistök, einföld mistök, eins og ég gerði bæði á meðan ég var í læknanáminu og var að fara út í héruð og eftir að ég útskrifaðist og þóttist kunna heilmikið – þar sem maður var að skaða fólk. Ég held ég hafi nú

ekki drepit marga, að minnsta kosti ekki fleiri en má telja á annarri hendi,“ segir Finnbogi og brosir skakkt.

„Maður lærir af því. Stundum. Ekki alltaf og ekki allir læra af því. Þeir loka bara á það, það er auðveldara. Ég var heppinn og lærði af því. Og það er ekkert sem maður lærir að takast á við áður en maður fer af stað, heldur bara á ferðinni,“ segir Finnbogi. „Maður sér mikið af þungum og erfiðum hlutum í þessu, en gerir jafnframt skemmtilega hluti. Það er gaman þegar maður er að bjarga mannlífum og lækna fólk, en svo er erfitt þegar maður er að láta fólk deyja eða getur ekkert gert fyrir það. Þess vegna er maður kannski kaldhæðinn, svolítið,“ bætir hann við.

Á framabraut í Texas

Eftir héraðslæknastörf hélt Finnbogi til Texas í lyflækni starfsfræðideild Háskóla Íslands. „Ég tók ameríska prófið og stóðst það með glans og komst inn í eitt besta þrógrammið, í Houston. Bandaríkjamenn eru náttúrulega 300 og eitthvað milljónir manns, fimmtíu ríki og prógrömmen þar eru jafn misjöfn og sveitarstjórnin í Súðavík og borgarstjórnin í Reykjavík, að stærð og gæðum og öllu,“ útskýrir Finnbogi.

Þegar hann hélt utan var Houston um þriggja milljón manna borg og við lækna miðstöðina þar sem hann nam og starfaði unnu um 60.000 manns. „Þetta var iðandi lækna miðstöð og mikið gaman. Það var svakaleg impressjón fyrir mig að sjá þetta, maður var bara agndofa. Þetta þótti rosalega flott á sínum tíma,“ segir Finnbogi, sem dvaldist í borginni í tólf ár. Eftir að sérnámi hans lauk var honum boðin prófessorsstaða við stofnunina.

„Venjulega mega erlendir lækna ekki stoppa svona lengi, þeir verða að fara frá Bandaríkjunum í tvö ár eftir að námi lýkur. Maður getur fengið undanþágu ef maður fer eitthvert á bak við fjöllin og vinnur hjá indjónunum eða afdalafólkinu, en ég fékk sem sagt að vera áfram í Houston og fékk prófessorstöðu í tveimur deildum. Það gekk bara mjög



vel. Ég var orðinn dírektor yfir einhverju þarna og hafði það mjög gott,“ útskýrir Finnboi. Í kringum árið 2002 hætti hann hins vegar störfum við miðstöðina og lagðist í fyrirlestrahald um Bandaríkin gervöll og þótt víðar væri leitað.

„Ég endasendist um allan heim – frá Aþenu til Parísar til Vancouver, bæði á fullum launum og styrk frá lyfjafyrirtækjum. Ég talaði hins vegar bara ef ég var sammála þeim og annars ráku þeir mig, því þá sagði ég sannleikann og oft slæma hluti um þá. Þetta var algjört draumastarf. Þá talaði ég um forvarnir vegna hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki. Ég fékk mjög vel greitt fyrir það, launin fyrir hvern fyrirlestur voru svona álíka og mánaðarlaunin hér,“ segir hann og hlær við.

Velmeagnarlæknir

Finnboi hefur sérhæft sig í svokölluðum velmeagnarjúkdómum og forvörnum vegna þeirra: sykursýki, offitu, hækkaðri blóðfitu og hjarta- og æðasjúkdómum. Sífellt fleiri hrjást af þessum sjúkdómum, þó Finnboi telji að eins og ein styrjöld gæti breytt miklu þar um.

„Þetta leysist allt ef við fáum ekkert að borða í tvö, þrjú ár. Sykursýki tvö hvarf í Evrópu í seinni heimsstyrjöldinni – það voru bara tveir Pólverjar og einn Tékki sem voru með sykursýki þá. Það hafði enginn neitt að éta,“ segir hann og brosir út í annað.

Ofát er þó ekki eini sökudólgurinn í þessu samhengi. „Við borðum of mikið, en að er fleira en maturinn, það er líka nútímasamfélagið. Ef við gerum þetta við mýs eða rottur í tilraunstofu – þjöppum þeim saman og stressum þær með hljóðum og ljósum – þá hækkar kortisólíð í blóðinu og þær fara að oféta og fitna. Svo þetta er ekki bara slóðaskapur og græðgi eins og margir segja, heldur líka nútímaþjóðfélag. Í Kína var eiginlega engin sykursýki þar til fólk fór að flykkjast til borganna. Nú er faraldur þar,“ útskýrir Finnboi, sem segir Vestfirðinga nokkuð heppna að þessu leyti.

„Fólk hér er í meiri tengslum við náttúruna og ef það er farið að þykkna er bara tekið á hlutunum og farið út að labba. En ég sé samt rosalega breytingu á hlutunum frá því að ég fór út. Árið 1990 var enginn feitur nema Binni feiti – þú veist, kannski einn í hverjum árgangi? Og stelpurnar voru aldrei feitar. Núna er þetta bara að verða eins og í Ameríku. Þegar ég var í París síðast í kringum 2004 voru Frakkar ennþá grannir – allir ennþá á labbinu á leiðinni að kaupa rétt vín fyrir börnin með hádegismatnum. Nú eru þeir að fitna líka. Þetta gerist allt miklu hrað-

ar,“ segir hann.

Hyggst stofna sértrúarsöfnuð

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að aukin útbreiðsla offitu, sykursýki og annarra slíkra velmeagnarjúkdóma er mikið áhyggjuefni. Finnboi segir þó enn alvarlegra hversu ungar manneskjur verða slíkum sjúkdómum nú að bráð.

„Við byrjuðum að sjá þetta í Bandaríkjunum rétt fyrir aldamót, að sykursýki af típu tvö og skert sykurþol var að verða að algörum faraldri þar. Þetta var alltaf kallað sykursýki aldraðra, því það fékk hana enginn undir fertugu – þó manni finnst fertugt nú ekki mjög gamalt í dag. Núna sjáum við mestu aukninguna í yngra fólki – jafnvel börnum undir tíu ára. Þar er þetta að margfaldast.“

Þegar læknar urðu varir við þennan aðsteðjandi faraldur var því velt upp hvort börn hefðu ef til vill verið greind vitlaust á árum áður – að um hefði verið að ræða sykursýki tvö, sem greind var sem týpa eitt.

„Svo var ekki. Og það sem verra er, er að þessir einstaklingar virðast fá fleiri fylgikvilla, fyrr og verri. Þeir fá nýrnasjúkdóma og augnsjúkdóma og þar fram eftir götunum. Við vitum ekki ennþá hvort það fari svo að þessir krakkar sem greinast átta til átján ára gömul fari kannski að deyja úr hjartaáfalli á fertugsaldri. Eftir næstu tíu ár ættum við að vita það,“ útskýrir Finnboi, sem eins og hann segir sjálfur hefur velkst um í þessum „sæta, feita, kólesteról- og sykurheimi“ í um þrjátíu ár.

„Það er kannski vel skiljanlegt að kollegar mínir kalli mig skottulækni og sértrúarmann,“ segir hann og hlær við. „Það er allt í lagi. Ég hef líka velt því fyrir mér hvort ég eigi ekki bara að opna sérfræðistofu – svona safnaðarhús fyrir sértrúarsöfnuðinn minn. Ég hef séð það bæði hér, í Borgarnesi og í Houston að einhverja leikhæfileika hef ég, því aðsóknin er alltaf fin. Ég hef greinilega einhvern sannfæringarmátt. Kannski ætti ég að fara að selja tryggingar?“

Svaf á gjörgæslunni

Finnboi hefur ýmislegt reynt í starfi sínu sem læknir, en hann hefur sömuleiðis fengið að reyna að vera í hlutverki aðstandanda sjúklinga. Finnboi og fyrri kona hans skildu að skiptum árið 1999 og hún hélt þá aftur heim til Íslands með börn þeirra þrjú, þau Sæmund, Daníel og Júlíu, sem býr á Ísafirði ásamt Finnboi í dag. Nokkrum árum síðar giftist hann á ný, amerískri konu og eignaðist dótturina Míu árið 2003. Þau hjón dvöldust í Bol-



ungarvík með dóttur sinni í sex mánuði þetta sama ár, eftir að systir Finnboi veiktist.

„Þegar ég er svo rétt kominn út aftur deyr fyrrverandi konan mín í bílslysi og dóttir mín, þá nú árið, stórslasast. Ég fór þá beint heim aftur. Hún var í tvo, þrjú mánuði á spítala,“ segir Finnboi frá. „Þau héldu fyrrverandi konunni minni á lífi í öndunarvél þangað til að ég kom heim. Við ákváðum svo í sameiningu, ég og börnin mín og fjölskyldan, að það hefði ekkert upp á sig að halda því áfram. Við vissum að hún var svo illa meidd.“

Næstu dögum varði Finnboi svo á gjörgæslunni, við hlið dóttur sinnar. „Þegar ég datt í gólfíð og sofnaði settu hjúkurnar mig bara í rúm. Svo var ég á barnaspítalanum Hringnum með henni í næstum þrjú mánuði í viðbót eftir þetta. Hún hryggbrotnaði illa á þremur hryggjarliðum. Góður læknir á barnaspítalanum, hún Sigurveig, lagaði hrygginn á henni með beinflísum úr mjöðminni og setti ekkert stál eða járn. Þetta var bara mósaík,“ útskýrir Finnboi. Dóttir hans var sömuleiðis með bráða brisbólgu. „Það var lífshættulegt ástand í lengri tíma,“ útskýrir Finnboi, sem kveðst þó ekki telja að reynsla hans, sem læknis, hafi verið neitt frábrugðin því sem aðrir foreldrar ganga í gegnum við svipaðar aðstæður.

„Maður er bara foreldri. Ég var reyndar varinn – hefði ég vitað að hún væri með brisbólgu

þarna í byrjun hefði ég ekki sofnað fyrr en viku seinna. Ég sofnaði eftir þrjú daga af því að þeir lugu að mér, læknarnir. Ég spurði um þessi próf og þeir sögðu upp í opið geðið á mér að þau væru eðlileg. Tíu dögum seinna kom Mikki refur til mín, Michael Clausen vinur minn, og sagðist hafa verið beðinn um að segja mér hvernig þetta var í raun og veru. Þá var hún í miklu meiri hættu en ég fékk að vita,“ útskýrir Finnboi.

Opnaði stofu í biblíubeltinu

Eftir að dóttir hans hafði náð heilsu fluttist hún út til Finnboi, sem þá hafði opnað læknisstofu í Arkansas-fylki, í miðju biblíubeltinu.

„Þetta var í sveitinni, hjá fólkinu sem við köllum hillbillies – ekki rednecks, eins og í Texas. Ég og ameríska konan mín vildum ala stelpuna okkar upp fjarri stórborginni. Þegar við komum þangað var þetta svo mjög frábrugðið lífinu í Texas. Það var tekin upp mynd þarna, *Deliverance*. Mjög drungaleg mynd þar sem mikið er spilað á banjó,“ segir Finnboi kímmin.

„Konan mín var frá Houston og þekkti ekkert annað en stórborgarlíf. Þetta var eiginlega ekki samræmanlegt venjulega mannlífi og við vildum bæði fara. Ég hafði hins vegar gert þriggja ára samning. Konan mín flutti burt þegar við höfðum verið þarna í eitt ár og við vorum í fjarbúð í eitt og hálf ár. Svo slitnaði upp úr því,“ útskýrir hann.

Skömmu síðar settu önnur veikindi í fjölskyldunni strík í reikninginn, þegar yngri sonur Finnboi greindist með MS-sjúkdóminn. Í kjölfar þess ákvað fjölskyldan að flytjast til Íslands. „Þau fóru heim árið 2008 og ég átti að koma í október. Þá hrundi Ísland svo það tafaðist og ég kom 2009,“ útskýrir Finnboi. Áður en hann kom til starfa á Ísafirði hafði hann starfað sem heimilislæknir í Borgarnesi og í þrjú tíma á bráðamóttökunni.

„Ég ætlaði að fara á bráðamóttökuna núna í vor og réði mig þar, en dugði ekki nema í tæpa þrjú tíma. Ég var ekki alveg sáttur við stjórnumarhættina, svo ég sagði þeim bara að þetta væri ekki fyrir mig. Ég réði mig svo hingað í afleysingar í sumar, en festist hérna út af ýmsum hlutum. Það er fínt að vera hérna, þetta eru fínir læknar og Þorsteinn er góður vinur minn. Örn er að verða það líka – hann var kannski svolítið fjanðvinur fyrst,“ segir Finnboi og hlær við.

Verður Finnboi á Uppsölum

Finnboi hefur ekki gert upp við sig hver næstu skref hans

verða og segist oft gæla við þá hugsun að hengja læknissloppinn upp fyrir fullt og allt.

„Ég er alltaf að spá í hvað ég vil verða þegar ég verð mjór. Maður verður víst ekkert stærri nefnilega,“ segir hann glettislega. „Mér finnst gaman að vera hérna á sjúkrahúsinu og starfið er fjölbreytt að mörgu leyti. Í nótt kom barn í heiminn klukkan fimm, það var hugsanlegt handleggisbrot klukkan þrjú og einhver mjög slappur klukkan tólf. Og svo hitti í smábörnum og gamall maður sem leið út af. Þetta er mjög fjölbreytt,“ segir Finnboi.

Hann veit þó ekki hvað framtíðin gæti borið í skauti sér. „Ég tala oft um að fyrri konan mín dó og sú síðari er í Ameríku, svo ég held ég sé nú búinn með þann pakka. Einn vinur minn spurði mig um daginn hvort ég ætlaði ekki bara að fara að festa mig á Ísafirði og hruga niður krökkum, en það er nú ekki það sem 54 ára gamall maður á að gera held ég,“ segir Finnboi hlæjandi.

„Mig hefur oft langað til að gera eitthvað annað en það hefur ekki orðið úr því. Lífið hefur svolítið tekið völdin af mér. Skilnaður, ný vinna, ný gifting og nýtt barn þegar ég var orðinn 46 ára,“ bætir hann við og segir það hafa verið gjörólíkt að eiga barn kominn yfir fertugt en þegar hann var yngri.

„Ég fór held ég bara í fæðingarpunglyndi. Tíu til fimmtán prósent af fæðingarpunglyndi er hjá pöbbum, það er bara aldrei skoðað. Ég fór örugglega í svo-leiðis,“ segir hann og brosir. „En nei, ég veit stundum ekkert hvað ég vil gera. Mér finnst fínt að vera hérna að mörgu leyti, ef stelpan mín vill vera hérna. En vil ég vera læknir áfram? Vil ég vera á Ísafirði áfram? Ég veit það ekki. Veturinn er langur, sko,“ segir hann.

„Ég er líka búinn að læra það á síðustu tíu árum að maður tekur ekki alltaf ákvörðunina sjálfur. Það sagði það líka við mig nunna – að guð hefði það að venju að minna mann á sig af og til. Þá var ég eitthvað að spá og fór þarna í Landskotskirkju. Ég fann nú reyndar ekki Guð þar. Hann kom kannski inn með mér og fór með mér aftur út,“ segir hann glettinn.

„Lífið tekur sínar stefnur. Ég hefði ekkert átt von á því fyrir tólf árum að vera hér núna. Að ég myndi flytja aftur til Íslands, eða að lífið myndi taka svona margar beygjur. Kannski fer ég að skrifa. Kannski fer ég bara í sveitina og vinn hjá Finnboi frænda mínum inni í Hörgshlíð og gerist Gísli á Uppsölum,“ segir hann hugsu, en grettir sig svo. „Nei, kannski ekki. Ég held ég þurfi meira á fólki að halda en þeir. Ég hef ekki þá djúpúðgi að ég geti gert það,“ segir hann og rekur upp lokahlatur.

– Sunna Dís Másdóttir.

Nýr samgöngumáti í bígerð

Leið ehf. í Bolungarvík hefur um nokkurt skeið leitast við að koma á framfæri samgöngu- og/ eða ferðamáta sem félagið hefur nefnt samnýting ökutækja. Er hugmyndin sú til að byrja með að gera tilraun með ferðamátann á einum til tveimur stöðum og eru Bolungarvík og Súðavík tald- ir heppilegir staði „Felur þessi ferðamáti í sér að skapaður er vettvangur til að þeir sem þurfa að komast milli staða eigi mögu- lega kost á bílfari með öðrum ökumanni og þeir sem bjóða vilja slíkt far viti af slíkum óskum. Áskilið er að farþegi taki þátt í kostnaði ökumanns við aksturinn samkvæmt ákvæðinni gjaldskrá; út frá því er gengið að um há- marksverð sé að ræða til að tryggja að ekki sé um akstur í ábata- eða atvinnuskyni að ræða og gert ráð fyrir að bæði öku- maður og farþegi undirgangist ákveðnar samskiptareglur, sem flestar verða að teljast sjálfsgöð- ar,“ segir í bréfi Leiðar til sveit- arstjórna Bolungarvíkur og Súða- víkurhrepps.

Til að virkja samgöngumátann er lagt til að koma fyrir skilti þar


sem þeir sem það kjósa geta komið sér fyrir og þannig gefið til kynna að þeir óski bílfars. Er í fyrstu við það miðað að þeir sem komast þurfi til Ísafjarðar geti óskað fars með þessum hætti. „Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin velji heppilegan stað með tilliti til þess að skilti sem þetta nýtist sem best, að öryggi sé tryggt þannig m.a. að lýsing sé góð, hægt að stöðva ökutæki án hættu fyrir umferðina og að þeir sem óski fars verði ekki of upp- þrengjandi fyrir umferðina,“ segir í bréfinu.

Hugmyndunm hefur verið komið á framfæri við innanríkis- ráðuneytið, nú síðast með bréfi og ljósrit þess sent Vegagerðinni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytinu. „Full- yrt skal að ekki er að finna í lögum nein ákvæði sem standa þessu í vegi ef um ökutæki er að ræða sem ætluð eru færri en níu farþegum og akstur telst ekki stundaður í atvinnu- eða ábata- skyni. Þvert á móti er margt sem mælir með þessu, nú þegar verð á eldsneyti er hærra en nokkru sinni og kostnaður við kaup og

rekstur ökutækja hefur aukist svo mjög að margir hafa vart lengur ráð á að eiga þau og reka og almenningssamgöngur eiga und- ir högg að sækja.“

Ekki er kunnugt um að þetta hafi verið reynt áður með þessum hætti, að stilla upp skilti líku því sem lýst er a.m.k. ekki hérlandis. „Með því að heimila uppsetningu þess er því hugsanlega verið að feta nýja slóð til fjölbreyttari og bættra samgangna, aukins hreyf- anleika, minni mengunar og von- andi betra samfélags, þar sem draga kann úr mikilli þörf íbúa til að hafa yfir einkabíl að ráða nánast alla daga,“ segir í bréfinu. Tekið er fram að hvorki vefur né símanúmer sem vísað er til hefur verið sett upp en ef fallist verður á að taka þátt í þessari tilraun skuldbindur Leið ehf. sig til að ráðast í það án tafar þannig að það yrði til reiðu áður en skiltin yrðu sett upp.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur tekið erindið fyrir og gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við uppsetningu skiltisins en legg- ur til að auglýst aldurstakmark verði 18 ára í stað 16 ára.



BÍLFAR RIDESHARE

Hér býðst þér mögulega bílfar gegn þátttöku í kostnaði, sem greiðist ökumanni.

Ride availability by paying part of the cost to the driver.

Gjaldskrá (hámark)

- Startgjald 200 kr.
- Fyrstu 100 km 10 kr. á km.
- Eftir 100 km 5 kr. á km.

Start 200 kr.

- First 100 km 10 isk. per km.
- After 100 km 5 isk. per km.

Sendu skjal um greiðslu fyrirfram.

Negotiate payment beforehand.

Ekki ætjast yngri en 16 ára án leyfis foreldra.

Parents permission required for children under 16 years old.

Áfengis- og lyfjaáhrif óheimil.

No alcohol or drugs.

Far er boðis/þegið á elgín ábyrgð. Verum varkár.

The rideshare is under your own responsibility. Be careful!

www.bilfaz.is 511-5100

www.bilfaz.is 511-5100

Skilti sem vonir standa til að sett verði upp í Súðavík og Bolungarvík.



Tilboði í flot- bryggju tekið

Hafnarstjórn Bolungarvík- ur hefur tekið tilboði fyrir- tækisins Króla ehf., í nýja flotbryggju sem ætluð er fyrir ferðamenn sem sigla til og frá Bolungarvík. Tilboðið hljóðar upp á rúmar 2,7 millj- ónir króna. Hafnarstjórn hef- ur lagt til að kaupin verði fjármögnum með því að fresta framkvæmdum við frágang við Sjávargötu, Ár- bæjar- og Búðarkant. Um er að ræða flotbryggju úr tveim- ur EuroDock einingum sem hver um sig er 3x4 m ásamt landgangi.

Eins og greint hefur verið frá óskuðu ferðþjónustuað- ilar í Bolungarvík eftir því við bæjaryfirvöld að sett yrði upp farþegabryggja í bænum þar sem mjög mikil aukning hefur orðið á farþegafjölda sem fer um höfnina á hverju sumri. Samkvæmt bréfi ferða- þjónustuaðila stefnir allt í að um 4000 manns fari um höfnina í sumar.



Ferðþjónustan í Reykjanesi fékk 2 milljónir króna fyrir verkefnið Vatn og veisla í Reykjanesi.

Styrkja sex verkefni á Vestfjörðum

Sex verkefni á Vestfjörðum fengu úthlutað styrk í ár frá Ferðamálastofu vegna úrbóta á ferðamannastöðum. Alls hlutu 28 verkefni styrk að upphæð 33 milljónir króna. Samtals fengu vestfirsku verkefni 9,3 milljónir krónum úthlutað. Hæsta styrkinn fékk verkefni á vegum Fram- farafélag Flateyjar eða 3 millj- ónir, til að bæta ferðamanna- aðstöðu í Flatey á Breiðafirði. Verk-

efnið Landmótun fékk 500 þús- und krónur til að bæta ferða- mannahringveginn fyrir Sval- voga og yfir Hrafnseyrarheiði og húseigendur í Hlíðuvík fengu 300 þúsund krónur til lagfæringar á ferðamannaádstöðu í Hlíðuvík.

Vatnavinir Vestfjarða og Hótel Flókalundur fengu 1,5 milljón króna til að bæta aðstöðuna við Hellulaug við Flókalund. Vatna- vinir Vestfjarða og Ferðþjón-

ustan í Reykjanesi fengu 2 millj- ónir króna fyrir verkefnið Vatn og veisla í Reykjanesi. Þá fékk Vesturbyggð 2 milljónir króna til að vinna heildarskipulag fyrir svæðið í kringum Látrabjarg.

Á vef Ferðamálastofu segir að 178 umsóknir hafi borist sem sé nokkur fækkun frá fyrra ári. Flestir styrkirnir í ár voru veittir í hönnun og undirbúning fram- kvæmda. Að meðaltali var hver

styrkupphæð hærri en verið hefur undanfarin ár en hæsta styrkinn, 6 milljónir króna vegna tveggja verkefna, fékk félagið Vinir Þórs- merkur vegna hönnunar göngu- brúa yfir Markarfljót og viðhald göngustíga í Goðalandi. Auk þeirra 33 milljóna sem komu til úthlutunar voru fjármunir settir í viðbragðssjóð sem hugsaður er fyrir aðstæður sem kunna að skapast á komandi sumri.



Gleði þorrablóti Sléttuhreppinga

Þorrablót Áttahagafélags Sléttuhrepps var haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag og mættu um 180 manns á blótið hlaðnir súrmeti, rófustöppu og öðru því sem til síðs er að hafa með á þorrablót. Í boði skemmtinefndar, sem að venju var skipuð fulltrúum úr sveitunum í Sléttuhreppi hinum forna, voru skemmtiatriði í formi sjónvarpsþáttarins Landans.

„Þetta gekk ljómandi vel og

það var mikið fjör og mikið gaman,“ segir Magni Guðmundsson sem sæti átti í skemmtinefnd. Veislustjóri var Aðalvíkingurinn og leikarinn Baldur Trausti Hreinsson sem óvænt lék eitt hlutverkið í Landanum. Að venju var sungið undir borðum undir stjórn nokkurra af söngelskari meðlimum áttahagafélagsins. Aðspurður hvort eitthvað hafi staðið úr segir Magni að allt hafi gengið vel. „Það var eiginlega bara allt

sem stóð upp úr, allir voru afskaplega glaðir og ánægðir og skemmtu sér vel.“

Að áti loknu var borðum rutt til hliðar og dansað við undirleik hljómsveitarinnar Kraftlyftingar. „Ballið var til klukkan 2 og við höldum að það hafi valdið því að mun færri fóru heim áður en það var búíð. Áberandi margir voru á blótinu allan tímann,“ segir Magni.

– thelma@bb.is





Unnar ÍS 300. Ljóm: © Þorgeir Baldursson.

Unnar ÍS bætist í flotann

Útgerðarfélagið Kúvík ehf., hefur fest kaup á bátum Unnari ÍS 300 og er hann væntanlegur til heimahafnar á Ísafirði í þessari viku. „Báturinn hefur verið í slipp á Akureyri þar sem hann var minnkaður,“ segir Ægir Fannar Thoroddsen, annar eigenda Kúvíkur, en með honum í félagi er Jón Halldór Pálmason. Báturinn er nefndir eftir bróður Jóns Halldórs, Unnari Rafni Jóhannssyni, sem fórst með bátum Björgu Hauks ÍS út af Deild í Ísafjarðardjúpi 13. mars 2007. „Ástæðan

fyrir því að við erum að minnka bátinn er sú að við ætlum að stunda á honum grásleppuveiðar, en til þess að hann fái leyfi til slíkra veiða, þurfti að minnka hann úr 19 tonnum í 15 tonn.“

Fyrir á útgerðin bátinn Agnesi Guðríði ÍS, sem einnig hefur verið gerð út á grásleppu. „Þegar líða fer að vori förum við með báða bátana á Norðurfjörð og þaðan ætlum við að gera þá út á grásleppu. Við getum tvöfaldað veiðitímabilið með því að halda áfram á Unnari þegar veiðidag-

arnir á Agnesi eru búnir.“ segir Ægir sem reiknar með að vera á grásleppuveiðum út júní. Spurður hvort nota eigi bátinn í annan veiðiskap segir Ægir það vel koma til greina. „Við ætlum að skoða skötuselsveiðar næsta haust en kvótinn í skötusel jókst nokkuð á þessu fiskveiðiári. Þá er báturinn fullbúinn á snurvoð og ef eitthvað fer að rofa til á leigumarkaðnum er möguleiki á að við reynum fyrir okkur með snurvoðina,“ segir Ægir.

– kte@bb.is

www.stay.is

STAY APARTMENTS



ERT ÞÚ Á LEIÐinni TIL REYKJAVÍKUR

Studio íbúðir:

Helgi (3 nætur) 19.900 kr.
Vika 29.900 kr.

Stærri íbúðir:

Helgi (3 nætur) 25.000 kr.
Vika 37.000 kr.

Tilboð gildir til 30 apríl 2011.

Stay Apartments býður uppá 32 studio íbúðir og 15 2ja-4ra herbergja íbúðir á þremur stöðum miðsvæðis í Reykjavík, Bolholti, Einholti og Grettisgötu. Allt nýtekið í gegn. Í öllum íbúðum er: Eldhús og bað / þrældlaust net. Eingöngu reyklasar íbúðir. Aðgangur að þvottavél og þurrkara. Næg bílastæði.

BOLHOLT APARTMENTS
Bolholt 6, 105 Reykjavík

EINHOLT APARTMENTS
Einholt 2, 105 Reykjavík

GRETTISGATA APARTMENTS
Grettisgata 43, 101 Reykjavík

STAY APARTMENTS

SÍMI. 517 4050 / stay@stay.is / www.stay.is

Áfengissala dregst saman

Á síðasta ári voru seldir 271 þúsund lítrar af áfengi í Vínbúðinni á Ísafirði sem er samdráttur upp á 7,8% frá árinu 2009 þegar salan var 294 þúsund lítrar. Þetta er aðeins meiri samdráttur en á landsvísi þar sem salan drógt saman um 5,1%. Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustu hjá ÁTVR, segir líftinn mun vera á sölu milli vínbúða og landshluta og því megi gera ráð fyrir að salan á Ísafirði endurspegli sölna á landsvísi, en á landinu öllu var langmestur samdráttur í sölu á sterku áfengi eða 34%.

Sala á léttvíni og styrktu áfengi jókst hins vegar um 2,6%. Þrátt fyrir samdrátt í seldu magni, seldu Vínbúðirnar fyrir nánast sömu krónutölu og árið áður, eða 21,3 milljarð króna með virðisaukaskatti, sem skýrist af því að gjöld og skattar hækkuðu árið 2010 miðað við 2009.

Vinsælasti bjórinna á Ísafirði sem og á landinu öllu var Víking gylltur í hálfis lítra dósum, en að sögn Einars hefur hann verið söluhæstur í nokkur ár. Það sama á við um vínið, en söluhæsta vínið var Drosty-Hof Cape Red.

smáar

Til sölu eða leigu er íbúð að Fjarðarstræti 2 á Ísafirði. Hægt er að skoða eignina nánar á vef Fasteignasölu Vestfjarða. Uppl. í síma 866 9545.



Áætlað er að Vestfirðir fái rúmar 180 milljónir í almenn fjárlög úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlaða.

Rúmar 180 milljónir til Vestfjarða

Ráðgert er að almenn framlög úr Jöfnunarsjóði til Vestfjarða vegna þjónustu við fatlaða nemi rúmunum 182,3 milljónum króna í ár. Í yfirliti um áætlaðar greiðslur framlaga kemur fram að áætlaðar tekjur vestfirskra sveitarfélaga á árinu, á grundvelli framreiknaðs rekstrarkostnaðar 2010, séu 229.966.746 krónur. Þá eru áætlaðar tekjur svæða/sveitarfélaga af 0,25% hækkun útsvars 44.766.995 krónur. Forsendur áætlunar-

innar byggjast á greiningu á skiptingu framlaga ríkisins vegna þjónustu við fatlað fólk á síðasta ári. Tekið er tillit til viðbóta og tilfærslna milli fjárlagaliða sem áttu sér stað á síðasta ári og fram koma í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga árið 2011.

Að teknu tilliti til áætlunar um ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leggur ráðgjafarnefnd sjóðsins til að úthlut- að verði almennu framlagi að

fjárhæð krónur 7.833.246.000 til þjónustusvæða/sveitarfélaga á árinu 2011 vegna þjónustu við fatlað fólk. Í tillögugerð nefndarinnar er gert ráð fyrir að viðbótarframlag fái frá ríki vegna greiðslna til sveitarfélaga í janúar 2011. Gangi áætlun nefndarinnar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á árinu ekki eftir verður úthlutun framlaga til þjónustusvæða/sveitarfélaga aðlöguð að fjármagni til ráðstöfunar vegna verkefnisins.

Framlögina koma til greiðslu mánaðarlega og taka mið af innkomnum tekjum sjóðsins af 0,95% hlutdeild hans í staðgreiðsluskilum viðkomandi mánaðar. Önnur framlög úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011 renna til fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs, breytingakostnaðar, notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar, lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda og fleira.

Stór tónlistarhátíð á Degi tónlistarskólanna

Um helgina verður Dagur tónlistarskólanna haldinn hátíðlegur um land allt til að vekja athygli almennings og stjórnvalda á því mikla starfi sem fram fer í tónlistarskólum. Í Tónlistarskóla Ísafjarðar verður af þessu tilefni blásið miðsvetrartónleika en þeir hafa verið haldnir í skólanum svo lengi sem elstu menn muna. Tónleikarnir á Ísafirði verða

tvennir með fjölbreyttri dagskrá. Fyrri tónleikarnir verða í Hömr- um í kvöld kl. 19:30. Þar koma fram um 80 nemendur á ýmis hljóðfæri. Á dagskránni kennir margra ólíkra grasa, gömul tónlist og ný, klassísk og poppuð, einleikur og samleikur.

Síðari tónleikarnir verða í Ísafjarðarkirkju kl. 14 á laugardag. Þar koma fram stærri hópar, m.a.

barnakór, þrjár lúðrasveitir, gítarsveit og einnig verða atriði úr Samfélagskeppninni sem nýlega fór fram. Loks kemur Stórhljóm- sveitin „Ísófónía“ fram á tónleikunum, en hún var var sett saman sérstaklega af þessu tilefni. Sveitin er skipuð 60-70 hljóðfæraleikurum á öll möguleg hljóðfæri og stjórnandi er Madis Mækalle. „Ísófónían“ flytur þekkt lög á

borð við Þú komst við hjartað í mér og Jungle Drum og Stúlkna- kór skólans syngur lögina með sveitinni.

Markmið beggja tónleikanna er vissulega að kynna hið víðamikla starf sem fram fer í Tónlistarskóla Ísafjarðar en um leið og ekki síður að kennarar og nemendur skemmti sér og öðrum með fjölbreyttum tónlistarflutningi.

Setið yfir fé – og talið

Stakkur skrifar >

Það er sérkennilega gaman að því hve málfar Íslendinga, sem notað hefur verið í landbúnaði, er náengt fjárbúskap nútímans, fésýslunni – umsýslu með sitt fé og annarra. Í síðustu viku var nefnt hvernig ríkisstjórnin hefði setið yfir ánum á Suðurlandi þannig að þrátt fyrir lögmætt skipulag fyrir Flóahrepp hafnaði umhverfissráðherra að staðfesta það. Ráðherrann hefur lýst því yfir að það hafi verið af pólitískum ástæðum. Kannski er það ekki nýtt í íslenskum stjórnmálaheimi og á ef til vill eftir að gerast aftur. En það kann að reynast hættulegt fari svo að ráðherrar virði ekki þrískiptingu ríkisvaldsins. Það er því gleðiefni að nú skuli skipulagið hafa verið staðfest eftir dóm Hæstaréttar Íslands.

Setunni yfir ánum á Suðurlandi er lokið í bili. En það hefur verið setið yfir fé landsmanna um árabil og þar með talið fé okkar Vestfirðinga. Það hefur misheppnast. Á Vestfirjörðum störfuðu sparissjóðir víða. Þegar allir ginu yfir fé spariffjáreigenda var það ráð gripið að sameina sparissjóði undir formerkjum betri samkeppnisstöðu og að þeir lifðu lengur inn í ávallt óvissa framtíðina. Hver man eftir Sparissjóði Mýrahrepps, Þingeyringa, Öfundarfjarðar, Eyrarsparissjóði á Patreksfirði og fleirum sem runnið hafa inn í aðra? Það gerðu líka nokkur útibú Landsbanka Íslands sáluga. Til varð Sparissjóður Vestfirðinga. Nú er hann allur.

Sá ágæti sparissjóður var bara nokkuð mikill um sig á vestfirskan

mælikvarða og var lagður inn í Sparissjóð Keflavíkur. Hann ætti nú að vera gengin á vit fedra sinna. En ríkisstjórnin vill leggja honum til tugi milljarða, án þess að nokkur maður sem átti stofnfé í framantöldum fyrrum vestfirskum sparissjóðum, skilji það. Sparissjóðurinn í Keflavík var hreinsaður innan frá og sparissjóðsstjórnin vék frá nauðugur þótt í ljós hafi komið að sá ágæti maður hafi ausið fé úr sjóðnum í fyrirtæki sonar síns og til hans og afskrifað drjúgt. Einhvern tíma hefði verið sagt um mann í þeirri stöðu að hann hefði brotið lög, að um algert siðleysi væri um að ræða og sumir jafnvel látið sér um munn fara orðið glæpur.

Vestfirskir stofnfjáreigendur voru rændir fé sínu af Suðurnesj- mönnum. Þeir voru rómaðir fyrir sjósókn og væru kannski enn ef sinnt væri. En það er víðar fanga að leita en í sjónum um Ísland og fé hægt að sækja í greipar fólks, sem sinnir sjósókn og vinnslu afla líkt og Vestfirðingar gera. Öllu er á botninn hvolfst þegar fé er sótt af græðgi til vinnandi fólks og talið sér og sínum til framdráttar. Ekki er hugsað um almenning – þjóðina – sem ætlað er að leggja fé í Sparissjóð Keflavíkur, rekstur sem reyndist vonlaus og þjónaði einkahagsmunum. Það gengur ekki.

Forseti Íslands hefur ákveðið að leyfa þjóð sinni að velja hvort hún vilji borga skuldir mannanna sem settu Landsbankann á hausinn. Þjóðin þarf líka að telja sitt fé.

Dýpkun verði ekki frestað

Hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að dýpkun innsiglingarennu í Súgandafirði og dýpkun við Mávagarð á Ísafirði verði unnar saman í sparnaðarskyni. Leggur hann jafnframt til að samið verði sem fyrst við fyrirtækið Björgun ehf., svo verkið tejist ekki að óþörfu. „Bæði þessi verkefni hafa verið á samgönguáætlun undanfarin ár og þrisvar sinnum verið fleytt fram um eitt ár í senn. Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun telja menn þar á bæ að ef verkefninu verður frestað enn um sinn, sé það tilhneiging ríkisins að innkalla það fjármagn sem ekki er notað og fara þá slík verkefni aftur fyrir í áætlun og þarf að sækja um aftur til að fá þau viðurkennd,“ segir Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri. Hann bendir á að hafnarframkvæmdum við Mávagarð sé að ljúka og hafnarmannverkið verði tilbúið til notkunar í mars.

„Ég vil benda á að þetta hafnarmannverki verður ekki nothæft nema að það verði dýpkað við Mávagarð (ríkishluti 75%) þó svo að það hafi verið hægt að taka skip upp að við gömlu aðstöðuna (sem nú þegar hefur verið rifin niður) en þess ber að geta að stefnan á þeirri bryggju lá sunnan við suðaustur en viðlegustefna við nýju bryggjuna er töluvert norðan við þá stefnu, inn á



Frá Sundahöfninni á Ísafirði.

grynnra vatn og munu engin skip ná að leggjast þar að í óbreyttu ástandi.“

Guðmundur telur því nauðsynlegt að fara strax í dýpkun til að koma mannvirkinu í gagnið. „Það sem vinnst með því er að þau skip sem koma með vegalífu munu geta athafnað sig vandræðalaust og einnig gefur þessi

dýpkun okkur möguleika á að taka stærri skemmtiferðaskip upp að Sundabakka með tilheyrandi tekjuaukningu en þess má geta að tekjuaukning á 70 tonna skemmtiferðaskipi nemur 504 þúsund krónum ef við getum náð því að bryggju frekar en að það liggja á akkersíslægi.“

Jafnframt leggur hafnarstjóri

til að verklokum á þekju á Mávagarði, sem er framkvæmd upp á 33 milljónir með vsk. verði frestað, en hlutur Ísafjarðarhafnar í þeim framkvæmdum er 10,6 milljónir króna. „Það er vel framkvæmanlegt að nota þessa hafnaraðstöðu þó svo að yfirborð sé ekki að fullu frágengið og yfirborðið verði lagt með mól,“ segir

í bréfi hafnarstjóra. Þá segir hann að gera megi ráð fyrir því að hægt verði að ná samningi við Björgun ehf., um dýpkun á Ísafirði og Suðureyri á grundvelli útboðsins, sem er töluvert lægri upphæð heldur en þeir buðu upphaflega í verkið. Reikna megi með að hlutur Ísafjarðarhafnar í verkinu fari ekki yfir 7,5 milljónir króna.

Telur líkur á skaðabótamálum

Eiríkur Jónsson, dósent í lögfræði við Háskóla Íslands, telur líklegt að fari menn í skaðabótamál vegna díoxín mengunar frá sorpbrennslum, muni þeir beina kröfum sínum bæði gegn eigendum eða rekstraraðilum þeirra og eftirlitsaðilum. Frá þessu er greint í Fréttablaðinu. Mælingar Matvælastofnunar hafa staðfest díoxín mengun í kjóti, mjólk og fóðri frá sorpbrennslunni Funa á Ísafirði. Liggur fyrir að bændur á svæðinu þurfa að fella bústofn. Einnig sé hugsanlegt að athafnaleysi opinberra eftirlitsaðila geti valdið skaðabótaskyldu, til dæmis á þeim grundvelli að ekki var gripið fyrir inn í atburðarásina þegar vitneskja lá fyrir um magn díoxíns frá eldri sorpbrennslum.

Eins og fram hefur komið sýna mælingar að díoxínmengun frá sorpbrennslum í Vestmannaeyjum og á Kirkjubæjarklaustri var mun meiri en frá sorpbrennslunni Funa í Skutulsfirði árið 2007, en vegna þess hversu miklu meira var brennt af sorpi í Skutulsfirði



Sorpbrennslustöðin Funi.

var heildarlosunin mun meiri þar en á Kirkjubæjarklaustri. „Þar sem díoxín er efni sem safnast upp í umhverfinu skiptir mestu hvert heildarmagn losunar er hvað varðar umhverfisáhrif. Íslendingar brenna minna af úr-

gangi en aðrar þjóðir og losa þar af leiðandi minna magn af díoxíni út í umhverfið vegna sorpbrennslu,“ segir á vef Umhverfisstofnunar. Þar segir jafnframt að viðmiðunarmörk fyrir losun díoxíns eru losunarmörk en hvorki um-

hverfismörk né heilsuverndarmörk.

Þá hefur Umhverfisstofnun lagt fram áætlun um mælingar á díoxín í jarðvegi í nágrenni mögulegra uppsprettna héraendis. Í Skutulsfirði verður tekið jarðvegssýni á lóð og í næsta nágrenni sorpbrennslunnar Funa auk jarðvegssýnis á jörðinni

Engidalur í botni Skutulsfjarðar. Þá verður einnig tekið jarðvegssýni í Holtahverfi, sem er sá þéttbýliskjarni sem er næstur brennslunni, og sýni úr sjávarseti innst í Skutulsfirði. Einnig verður tekið jarðvegssýni frá Skarfaskeri í Hnífsdal, áhrifasvæði eldri sorpbrennslu.

– thelma@bb.is



Innilegar þakkir færur við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður, tengdafóður, afa og langafa

Gunnars Hólm Sumarliðasonar

Hlíf 1, Ísafirði

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks sjúkrahúss Ísafjarðar og Dvalarheimilisins Hlífar fyrir einstaka aðhlyningu og umönnun.

Kristín Jónína Kolbeinsdóttir

Sigríður María Gunnarsdóttir Friðrik Sigurðsson

Þórdís Elín Gunnarsdóttir Sigurður Jarlsson

Brynja Gunnarsdóttir Haraldur Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Guðbjörg í Aurum sýnir í Stokkhólmi

Ísfrski skartgripahönnuðurinn Guðbjörg Ingvarsdóttir, opnaði sýningu í Gallery Pascale í Stokkhólmi í síðustu viku. Þar sýndi hún nýja línu sem er ekki hefðbundin á neinn hátt að því er fram kemur á Pressunni. Mikill fjöldi heimsótti Guðbjörgu við opnunina og voru viðtökur góðar. Um er að ræða silfurlínu þar sem hún leikur sér með formið. Hún sækir innblástur í snjóinn enda eru stykkinn í línunni eins og

snjókorn í laginu. Hún sýndi aðallega óhefðbundin hálsmen á sýningunni. „Hálsmenin voru í stærra í lagi og í ýmsum formum. Eitt flottasta hálsmenið á sýningunni var snúra með silfurblómum sem vafin er utan um hálsinn. Glæsileikinn gerist ekki miklu meiri,“ segir á Pressunni. Sýningin stendur yfir í fjórar vikur.

Skartgripahönnun Guðbjargar hefur vakið athygli víða um heim. Greinar um hana hafa birst í virt-

um blöðum og tímaritum og hún hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar. Til að mynda er hún handhafi hinna eftirsóttu Íslensku sjónlistaverðlauna í flokki hönnunar árið 2008. Einnig hlaut hún menningarverðlaun DV árið 2000 og fyrstu verðlaun í Spirit of the North í St. Petersburg í Rússlandi. Hún er eigandi skartgripaverslunarinnar Aurum í Reykjavík.

– thelma@bb.is



Guðbjörg Ingvarsdóttir.

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga. Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.

	LJÓSA- PERA	ÞUKI	EINS UM N	HRIKA- LEGUR	HUG- FALL- AST	MÁL- GRIND- UR UPPHR	TRYGG- FLJÖT	UTAN
ÓLGA						FLJÖT		
EINS		BLAÐI- TALA				SÉRHL- LÁNAST		DEILUR
BOR- BER			HNJÖÐ- TAKK- MVALINA				BÝLI	
		JÖA- FUGL- INN					UM- FRAM	
EINK- ST. TÍ- HEJ	AÐFAR- AR- GERÐ						TÖNN ÖRREKT AR-SVEI- LUM	
	FLÉTT- LÖDU BEGAR				BEISK- UR AA			
RAKA- LAUSA					HLJÖM			●
DÝRA- RIKIS			TÖNN MERA		TÖLU- A- FENGI			EINK- ST
FORS.	SÁLIR- KJANA				HAF- MÁN- LÖBUR			
GRIPA	LITA- Ö- NEFNA			SAMT.		RVK.		FOR- FEBUR
				ELDS- NEYTI		HETTA EINK- ST.		
			TÖNN			ÍÞR. FELAG		● ● ●

Lausn á síðustu krossgátu

		EMNA- MEIÐIN	H	SVER- AR	NÖG- LUM	LIFA	TALA	SJAVAR- HAFUR- LÖST	F
		VALD- REIT- ING	O	F	B	E	L	D	I
		JARÐ- EFNI	L	E	I	R			A
		MVÍÐIR- LITR SAMT.	S	I	T	U	R		K
L	NÖGL KEYR- UR	ELD	SAMT.	BOGUR- JAN	ATT				
L	K	R	O	S	S	G	A	T	U
JÖB	L	A	G	T	PÚKA		A	R	A
UPP- MR.	O	MEIÐ- JA	SÉRHL- GÆFA	O	MÁL- LÁT VEIR- SÉBÍTT		E	I	R
H.M.	VÖKV- INN SÍÐ						S	P	A
→	S	A	F	I	N		S	P	A
TRILL- TIR	E	R	Ð	I	R		O	G	
→	V	I	N	N	I	N	G	S	H
SOG- JA	I	Ð	A	N			A	G	A
		ANLÍ	S	A	T				
		TALA	I	HJÖM- TÖNN	TÖNN		T	Ö	N
		ETUR- BEFUR	G	A	S	L	Y	K	T
		SÉRHL- KAMP- STEG.	L	E	G	K	E	A	
		TANGI- SAMHL.	G	R	E	T	A	R	
		TÍMI	T	Í	Ð				
		HJÚPI	A	R	U		T	Ö	N
			Þ	Ö	R	Ð	I	S	

Heitreyktur svartfugl og grillaður selur

„Við ætlum að bjóða upp á heitreyktan svartfugl, grillaðan sel og Mömmuís. Við bjóðum frekar oft upp á heitreyktan svartfugl á okkar heimili og hann er alltaf jafn vinsæll bæði hjá börnum og fullorðnum. Það er ekkert flókið að búa hann til því hægt er að kaupa litla reykofna í veiðibúðum en það er líka hægt að heitreykja í úti-grilli með loki. Þó þarf að hafa nokkuð góðan fyrirvara á þessum rétti og nota rétt sag sem hægt er að fá í veiði- og úti-vistarbúðum.“

Heitreyktur svartfugl

Takið svartfuglinn og skerið bringurnar af beininu. Svartfuglsbringurnar eru kryddaðar með salti, pipar og tímian eftir smekk. Látið marinerast í sól-ahring í kæli. Bringurnar eru

settar í grindina á ofninum og kveikt undir og slökkt á ofninum eftir 10-15 mínútur eða þar til sagið er brunnið. Bringurnar látnar kólna í ofninum og síðan settar í kæli í að minnsta kosti eina nótt. Skornar í þunnar sneiðar og dýft í sósuna.

Piparrótar sósa

1 lítil dolla Gunnars majónes
1 dós sýrður rjómi
1 bréf af piparrót
ca 1 tsk sykur

Selur er eitthvað sem okkur fannst nánast óhugsandi að borða fyrir ekki svo löngu síðan, en eftir að húsbóndinn skaut sel eitt sumarið var ekki um annað að ræða en að smakka. Síðan þá höfum við haldið nokkrar selseislur og flestum líkað mjög vel. Við höfum haldið okkur við

tilraunina sem við gerðum í fyrsta skiptið.

Marinerað sela fillé

1 hryggur af ungum sel eða kóp.

Hreinsið alla fitu af hryggnum áður en hann er úrbeinaður. Vöðvinn skorinn í ca 2-3 cm þykkar steikur.

Annað hvort er hægt að kaupa tilbúna grillolíu eða búa til sína eigin marineringu og kjötið látið liggja í sólahring í marineringunni.

Steikurnar grillaðar þannig að selurinn er rauður inni, ekki gegnumsteiktur. Medium eða medium rear.

Gott að bera fram með rjómalagaðri sveppasósu, léttsóðnum gulrótum og ofnsteiktum kartöflum.



Mömmuís

Þessi ís hefur fylgt fjölskyldunni lengi og er alltaf jafn góður. Einföld og góð uppskrift.

Lítri af rjóma

8-10 egg

200 gr. sykur -(við erum reyndar farin að minnka sykurinn aðeins)

1-2 tsk vanilludropar

Eggjarauður og sykur þeytt

mjög vel saman, vanilludropar settir út í. Eggjahvítur þeyttur sér, mjög stífar. Rjóminn þeyttur sér.


Rjóma og eggjarauðum, sykri og vanilludropum blandað varlega saman, síðan er hvítan sett varlega út í. Súkkulaðispæni blandað saman við. Sett í ísdollur og fryst.

Við ætlum að skora á Hilmar Pálsson og Guðbjörgu Skarphéðinsdóttur á Ísafirði.

Dellusafn í bígerð á Flateyri

Jón Svanberg Hjartarson á Flateyri hefur hug á að koma á fót svokölluðu „Dellusafni“ á Flateyri. Hefur hann farið þess á leit við Ísafjarðarbæ að fá húsnæðið sem áður geymdi skrifstofur Flateyrarhrepps og bókasafn, leigt án endurgjalds til þriggja ára á meðan safninu er komið á koppinn. Segist hann hafa til nokkurra ára, haft hug á því að opna á Flateyri alþjóðlegt löggluminjasafn. „Í einkasafni mínu er til góður grunnur að slíku safni, s.s. um 120 einkennishúfur víðs vegar að úr heiminum, um 1000 einkennismerki, nokkrir búningar, valdbeitingarbúnaður frá ýmsum tímum s.s. úr „Nató-óeirðunum“ 1949 og margt fleira. Þá hefur hugmyndin einnig verið sú að samhliða þessu yrðu fengnir til láns aðrir safngripir, í einkaeigu og í eigu opinberra safna. Þannig yrði safnið „lifandi“ og sýnbreytilegt frá ári til árs,“ segir í bréfi Jóns Svanbergs til bæjar-yfirvalda.

Hann segir að í viðræðum við nokkra aðila hafi hugmyndin þróast enn frekar og sé nú á því stigi að á Flateyri yrði komið á fót safni margs konar áhugamála eða „Dellusafni“. „Þar gætu verið að-urnefnt löggluminjasafn, safn bátalíkana, safntengt iðnaðar- og atvinnusögu Flateyrar sem og að skapað yrði pláss fyrir hvert það einkasafn sem teldist sýning- arhæft, t.d. pennasöfn, merkja- söfn og hvað eina mætti nefna. Í Ísafjarðarbæ er fjöldinn allur af alls kyns einkasöfnum sem sjaldan eða aldrei koma fyrir almenn-



Jón Svanberg Hjartarson.

ingssjónir,“ segir í bréfinu.

Jón Svanberg segir hugmynd- ina hafa kviknað þegar hann fór

að velta fyrir sér hvaða mögu- leikar gætu verið í boði til að skapa störf á Flateyri. „Safn sem

þetta ætti að geta orðið til þess að skapa hér eins og eitt starf yfir sumartímamann, þ.e. á meðan safnið væri opið. Þá er spurning hvort unnt væri að skapa starf, t.d. með aðstoð Vinnumiðlunar við að undirbúa húsnæði og uppsetningu safnsins.“

Í bréfinu er jafnframt bent á að safnið gæti orðið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og gæti jafnvel átt möguleika til tekjuöflunar þannig að það geti orðið sjálfbært hvað varðar launa- og húsnæðis- kostnað. „Undirritaður hefur þegar hafið vinnu við að afla styrkja til verkefnisins en ljóst er

að víða þarf að leita fanga og þurfa aðstandendur að leggja mikla vinnu fram í formi sjálfb- oðavinnu til að þetta geti orðið að veruleika.“ Jón Svanberg segir að til að átta sig á því hvort verk- efni af þessu tagi gangi upp, þannig að tekjur skapist, þurfi a.m.k. tveggja til þriggja ára starfsemi. „Að þeim tíma liðnum ætti að vera ljóst hvort þetta er yfirleitt gerlegt í þeirri mynd sem nú er lagt upp með.“

Bæjarráð vísaði erindinu inn í aðra vinnslu hvað varðar málefni Flateyrar.

– thelma@bb.is

ÓDÝRT ÚT Á LAND

Sendum hvert á land sem er, pakkin sýttur á næsta pósthús eða keyrður heim þar sem heimkeyrsla er í boði.

SMÁVÖRUR UNDIR 0,2 M³ 500 KR.
STÓR TÆKI YFIR 0,2 M³ 3.995 KR.

Vefverslun ELKO.is – Símasala 575-8115

Íbúð óskast í sumar

Blaðamannafélag Íslands vill taka á leigu íbúð með húsgögnum í allt að þrjú mánuði, júní til ágúst í sumar. Íbúðin má vera á Ísafirði eða í nágrennanabyggðum.

Áhugasamir eigendur hafi sambad við Bí á skrifstofutíma í síma 553 9155 eða með tölvu- pósti orlofshus@press.is.

Kómedíuleikhúsið
Miðasölusími: 450 5565

Vestfirskur skáldskapur á 57 mínútum

26. feb. fös. kl. 20	Aukasýning	Arnardal
3. mar. fim. kl. 20	Slippsalurinn	Reykjavík
4. mar. fös. kl. 20	Slippsalurinn	Reykjavík

Bakkabræður

2. apr. lau. kl. 14	Frumasýning	Arnardal
3. apr. sun. kl. 14		Arnardal
9. apr. lau. kl. 14		Arnardal
10. apr. sun. kl. 14		Arnardal
21. apr. fim. kl. 14		Arnardal
22. apr. fös. kl. 14		Arnardal

Borgarveisla

28. apríl – 3 nætur



Prag

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Ilf *** 28. apríl í 3 nætur með morgunverði.

frá **79.900** kr.

5. maí – 4 nætur



Barcelona

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Zenit **** 5. maí í 4 nætur.

frá **109.990** kr.

31. mars – 4 nætur



Sevilla

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Monte Carmelo **** 31. mars í 4 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.680.

frá **99.900** kr.

21. apríl – 4 nætur



Búdapest

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Mercure Duna *** eða Hotel Tulip Inn *** 21. apríl í 4 nætur með morgunverði.

frá **89.900** kr.

28. apríl – uppseld

bókaðu beint á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**